

Mars 2017

Íslensk ferðaþjónusta

Íslandsbanki

Umsjón:

Greining Íslandsbanka, greining@islandsbanki.is

Ásta Björk Sigurðardóttir 440 4636, Elvar Orri Hreinsson 440 4747,

Ingólfur Bender 440 4635, Jóhanna Katrín Pálsdóttir 440 4609,

Jón Bjarki Bentsson 440 4634, Óðinn Valdimarsson 440 4403

og Sváfnir Gíslason 440 4257

Útgáfudagur: 9. mars 2017

Ábyrgðarmaður:

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka 440 4635

Formáli

Eftir mikinn vöxt íslenskrar ferðaþjónustu á síðustu árum er útlit fyrir að vöxtur greinarinnar verði einnig hraður í ár. Mikilvægi ferðaþjónustu í gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins, á vinnumarkaði og í landsframleiðslu mun þar af leiðandi enn aukast. Greinin mun því halda áfram að auka umfang sitt í hagkerfinu og styrkjast sem máttarstólpi í íslensku samfélagi.

Þrátt fyrir að vöxtur greinarinnar undanfarin ár sé mikill í alþjóðlegum samanburði er hlutfall ferðamanna sem heimsækja Ísland ekki nema um 0,1% af ferðamönnum á heimsvísu. Markaðurinn fyrir ferðaþjónustu á heimsvísu er stór og í því ljósi er svigrúm greinarinnar til frekari vaxtar hér á landi umtalsvert en það takmarkast m.a. af innviðauppbyggingu og sjálfbærri auðlinda-nýtingu á þessu sviði.

Saga ferðaþjónustunnar er saga samgangna. Í ljósi landfræðilegrar stöðu Íslands eru góðar flugsamgöngur íslenskri ferðaþjónustu og hagkerfinu öllu mjög mikilvægar. Vöxtur í flugsamgöngum hefur þannig á síðustu árum verið lykillinn að uppgangi ferðaþjónustunnar.

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur krafist mikilla fjárfestinga á sviði flugsamgangna en einnig á öðrum sviðum s.s. í gistirými, bifreiðum, veitingaþjónustu og afþreyingu svo eitthvað sé nefnt. Hefur þessi fjárfesting verið sjálfstæð uppspretta hagvaxtar og aukinnar atvinnu hér á landi.

Samhliða mikilli fjölgun ferðamanna hefur umtalsverð aukning orðið á framboði hótelherbergja. Aukningin hefur þó ekki haldist í hendur við fjölgun ferðamanna. Er nýting hótelherbergja því með hæsta móti hér á landi í alþjóðlegum samanburði og gisting í Reykjavík orðin ein sú dýrasta á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað. Á móti hefur önnur gistiþjónusta vaxið hratt og þá sérstaklega í gegnum deilihagkerfið. Tölurnar sýna að deilihagkerfið hefur leikið mikilvægt hlutverk í að gera þeim fjölda ferðamanna sem hingað hefur ferðast á undanförnum árum kleift að dvelja á landinu.

Ennþá sér ekki fyrir endann á uppgangi ferðaþjónustunnar og verður áhugavert að fylgjast með þróun greinarinnar og hvernig tekst að mæta þeim áskorunum og tækifærum sem hún stendur frammi fyrir um þessar mundir s.s. styrkingu krónunnar og skorti á vinnuafli.

Íslandsbanki gefur nú út skýrslu um íslenska ferðaþjónustu í þriðja sinn. Er skýrslunni ætlað að gefa jafnt innlendum sem erlendum aðilum innsýn í þróun greinarinnar og stöðu hennar hverju sinni. Með útgáfunni vill Íslandsbanki leggja sitt af mörkum við að upplýsa um stöðu ferðaþjónustunnar. Er það von okkar að skýrslan reynist gagnleg og góð viðbót við þá miklu umfjöllun sem ferðaþjónustan hefur alið af sér og verðskuldar.

Ferðaþjónustuteymi Íslandsbanka



Vilhelm Már Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri
vilhelm.thorsteinsson
@islandsbanki.is



Kristín Hrönn
Guðmundsdóttir
Forstöðumaður
kristin.gudmundsdottir
@islandsbanki.is



Elvar Orri Hreinsson
Sérfræðingur
elvar.orri.hreinsson
@islandsbanki.is



Halldór Halldórsson
Viðskiptastjóri
halldor.halldorsson
@islandsbanki.is



Bjarnólfur Lárusson
Viðskiptastjóri
bjarnolfur.larusson
@islandsbanki.is



Sváfnir Gíslason
Viðskiptastjóri
svafnir.gislason
@islandsbanki.is



Óðinn Valdimarsson
Viðskiptastjóri
odinn.valdimarsson
@ergo.is



Dagný Eyjólfsdóttir
Lánastjóri
dagny.eyjolfsdottir
@islandsbanki.is



Sólveig Ágústsdóttir
Lánastjóri
solveig.agustsdottir
@islandsbanki.is




Íslandsbanki og ferðaþjónusta

Íslandsbanki býður einstaklingum, heimilum, fyrirtækjum og fagfjárfestum alhliða fjármálaþjónustu. Á Fyrirtækjasviði Íslandsbanka starfar sérstakt ferðaþjónustuteymi og einnig er starfandi innan bankans ferðaþjónusturáð sem samanstendur af fjölbreyttum hópi úr ýmsum deildum bankans. Hlutverk þess er að miðla þekkingu og ræða málefni íslenskrar ferðaþjónustu hverju sinni með það að markmiði að veita fyrirtækjum í greininni bestu bankaþjónustu á Íslandi. Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili fjölmargra leiðandi ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi.

Í árslok 2016 voru lán til fyrirtækja í ferðaþjónustu um 22% af lánasafni bankans til fyrirtækja. Fyrirtæki í ferðaþjónustu sem eru í viðskiptum við bankann eru yfir 1.000 talsins. Það er því ljóst að ferðaþjónusta sem atvinnugrein er bankanum afar mikilvæg.

Mynd 1. Skipting lánasafns Íslandsbanka til fyrirtækja eftir atvinnugreinum 2016



Heimild: Íslandsbanki



Efnisyfirlit

Samantekt 6

Spáum 30% fjölgun ferðamanna 2017 8

Flugframboð til landsins hefur gott forspárgildi um ferðamannafjölda 8

Spáum því að ferðaþjónusta skili 560 mö.kr. í gjaldeyristekjur 2017 9

Hver ferðamaður eyðir rúmlega 200 þús.kr. að meðaltali 11

Flugsamgöngur þungamiðja íslenskrar ferðaþjónustu 12

Lækkandi verð á flugi styður við vöxt ferðaþjónustunnar 13

Íslensku flugfélögin með 75% framboðsins 14

Mikil tækifæri fyrir Ísland sem tengihöfn 16

Keflavíkurflugvöllur hefur tvöfaldast að stærð 16

Erlend flugfélög grípa sveifluna 17

Mikið undir flugfélögunum komið 17

Gistiþjónusta á landsbyggðinni sækir í sig veðrið 18

Árstíðasveiflur enn vandamál á landsbyggðinni 19

Hótel í Reykjavík þau dýrustu á Norðurlöndum 19

Útlit fyrir að hótelgisting muni áfram vaxa hægar en annars konar gisting 21

Deilihagkerfið heldur áfram að vaxa hratt 21

Fjöldi gistirýma á Airbnb rúmlega tvöfaldaðist á síðastliðnu ári og nýting jókst 21

Airbnb hefur átt stóran þátt í hækkun íbúðaverðs 23

Heildartekjur vegna Airbnb gistirýma í Reykjavík námu tæpum 7 mö.kr. árið 2016 24

Framboð gistinátta á Airbnb nálgast framboð allra hótela á höfuðborgarsvæðinu til samans 25

Næstum einn af hverjum tíu bílum landsins bílaleigubíll 26

Stærri rekstraraðilum fjölgar 26

Enn fer tæplega helmingur nýrra bíla til bílaleigna 27

Nýskráningar hópbifreiða tóku mikinn kipp á síðastliðnu ári 28

Rúmlega helmingur skapaðra starfa tengist ferðaþjónustu 28

Hlutfallsleg fjölgun starfa í ferðaþjónustu ein sú mesta í heiminum 28

Framleiðni vinnuafls að aukast 29

Skortur á vinnuafli áskorun 29

Vinnuaflsþörf í vaxandi mæli mætt með erlendu vinnuafli 29

Gengishækkun krónunnar skapar erfið skilyrði fyrir ferðaþjónustuna 30

Sterkari króna hefur neikvæð áhrif á rekstur 30

Metár í fjölgun ferðamanna þrátt fyrir styrkingu krónunnar 31

Gengisáhrifin koma fram með töf 32

Efnahagsþróun í heimalandi ræður miklu 33

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur ráðið miklu um gengishækkun krónunnar 34

Ísland er á meðal dýrustu landa í Evrópu 35

Veitingastaðir og gistiþjónusta – Ísland fjórða dýrasta landið 35

Farþegaflutningar – Ísland dýrasta landið 36

Afþreying og menning – Ísland þriðja dýrasta landið 37

Matur og óáfengir drykkir – Ísland fjórða dýrasta landið 38

Áfengir drykkir – Ísland næst dýrasta landið 39

Föt og skór – Ísland dýrasta landið 40

Önnur verslun – Ísland fimmta dýrasta landið 41

Samantekt

- Við spáum því að um 2,3 milljónir ferðamanna muni heimsækja Ísland á þessu ári sem nemur fjölgun um 30% frá síðasta ári. Gangi spáin eftir mun ferðamönnum fjölga um 530 þús. milli áranna 2016 og 2017 sem er metfjölgun á einu ári hér á landi.



- Næsta sumar verður einn af hverjum fimm á landinu ferðamaður
- Við spáum því að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum verði um 560 ma.kr. í ár, eða sem nemur um 45% af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Til samanburðar áætlum við að gjaldeyristekjur af erlendum ferðmönnum hafi numið 466 mö.kr. í fyrra eða 39% af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins.
- Hver ferðamaður sem kom inn í landið skilaði um 202 þús.kr. til þjóðarbúsins og eru tveir stærstu útgjaldaliðir ferðamanna flugfargjöld og gisting.
- Rúmlega 90% erlendra ferðamanna ferðast hingað til lands með flugi. Til samanburðar er þetta hlutfall um 54% í ríkjum OECD.
- Við reiknum með því að innlendu flugfélögin tvö muni standa fyrir um 75% flugframboðs um KEF á árinu 2017. Icelandair verður stærsta flugfélagið í Keflavík með tæplega helming flugframboðs um flugvöllinn en WOW næststærst með tæplega þriðjung framboðsins.



- Þrátt fyrir að erlend flugfélög hafi aukið komur sínar hingað síðustu ár hafa innlendu félögin skilað bróðurhluta vaxtarins í farþegafjölda.
- Af framboði erlendra flugfélaga var um fjórðungur flugframboðs síðasta árs frá Easyjet en flugfélagið flýgur hingað allt árið um kring og hefur flogið hingað frá árinu 2012. Næstmestu framboði erlendra flugfélaga skilaði SAS.
- Gistiþjónusta nemur um 21% af heildarútgjöldum erlendra ferðamanna hér á landi.
- Hlutfallslega fleiri erlendir ferðamenn velja nú að gista í íbúðarhúsi, orlofshúsi eða í heimagistingu og færri á hótelum og gistiheimilum en á árinu 2010.



- Gistiþjónusta á landsbyggðinni hefur vaxið hraðar en á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2013 og er um þessar mundir rúmlega helmingur allra seldra gistinátta á landsbyggðinni. Engu að síður er árstíðasveifla ennþá vandamál á landsbyggðinni þrátt fyrir að hún hafi minnkað nokkuð á undanförnum árum.
- Í samanburði við Norðurlöndin var verð hótelherbergja á árinu 2016 hæst í Reykjavík og var það á bilinu 10-32% hærra en í öðrum höfuðborgum Norðurlandanna.
- Áætluð fjölgun hótelherbergja á árinu 2017 nemur um þriðjungi af áætlaðri þörf. Mun það, að öðru óbreyttu, stuðla að hærri nýtingu hótelherbergja og auknu umfangi deilihagkerfisins og annars konar gistiþjónustu.



- Á síðastliðnu ári var meðalfjöldi virkra gistirýma á Airbnb í Reykjavík 2.000 og fjölgaði þeim um 116% sem nemur rúmlega tvöföldun frá árinu á undan. Gistirými á Airbnb voru bæði leigð út oftar og einnig lengur í senn að meðaltali á síðastliðnu ári en 2015.
- Að meðaltali voru um 300 íbúðir í útleigu öllum stundum á Airbnb á árinu 2015 og um 809 á árinu 2016. Er þetta aukning um 509 íbúðir en til samanburðar voru 399 fullgerðar nýjar íbúðir í Reykjavík á árinu 2016. Fjölgun íbúða í heilsársútleigu á Airbnb hefur því verið talsvert umfram fjölgun nýrra íbúða í Reykjavík yfir sama tímabil og þannig átt stóran þátt í mikilli hækkun íbúðaverðs á svæðinu.
- Heildartekjur vegna útleigu gistirýma á Airbnb nam um 6,76 mö.kr. á árinu 2016 og um 2,51 ma.kr. á árinu 2015. Heildartekjur jukust því um 4,25 ma.kr. á milli ára eða um 169%.
- Meðaltekjur af hverju gistirými voru um 271 þús. kr. á mánuði á árinu 2016 og hækkuðu um 25% frá fyrra ári. Er það ígildi þess að tekjur af hverju gistirými, m.v. heilsársleigu, hafi verið um 3,25 m.kr. að meðaltali árið 2016.



- Um þriðjungur ferðamanna eða um 586 þúsund hefði getað nýtt sér gistiþjónustu í gegnum Airbnb á árinu 2016 m.v. fulla nýtingu.
- Heildarframboð gistinátta á Airbnb í Reykjavík nam um 2,35 milljónum á árinu 2016 eða um 69% af heildarframboði gistinátta hótela á höfuðborgarsvæðinu á sama ári.
- Framboð gistinátta á Airbnb í Reykjavík yfir háannatímann síðastliðið sumar var ennþá hærra sem hlutfall af framboði gistinátta á hótelum á höfuðborgarsvæðinu eða um 87%.

- Haldi gistiþjónusta í gegnum Airbnb áfram að vaxa líkt og á undanförnum árum má ætla að afkastageta Airbnb í Reykjavík verði orðin sambærileg við afkastagetu allra hótela höfuðborgarsvæðisins til samans á líðandi ári.

- Bílaleiguflotinn taldi 20.847 bíla þegar hann var hvað stærstur á árinu 2016 samanborið við 15.400 bíla árið 2015. Það jafngildir því að næstum 1 af hverjum 10 bílum á landinu sé bílaleigubíll.

- Millistórum og stórum rekstraraðilum á bílaleigumarkaðnum fjölgar ennþá. Um 85% af bílum í bílaleiguflotanum eru í eigu 20 stærstu aðilanna á markaðnum.

- Eftir 2008 hafa um 43% af öllum seldum nýjum bílum farið til bílaleigna. Á árinu 2016 keyptu bílaleigur um 9.250 nýja bíla eða um 42% af heildarsölunni.

- Meðal bílaleigubíll kostar um 3 m.kr. án vsk. og nam bein fjárfesting vegna bílakaupa hjá bílaleigum því hátt í 30 ma.kr. á síðasta ári. Er þá ótalin önnur fjárfesting svo sem í húsnæði og aðstöðu.



- Búist er við að velta bílaleigugreinarinnar muni nema allt að 60 milljörðum króna á árinu 2017, samanborið við 35 milljarða árið 2015.

- Nýskráningum hópbifreiða fjölgaði úr 184 árið 2015 í 412 árið 2016 eða um 124%.

- Rekja má um helming þeirra starfa sem skapast hafa í hagkerfinu frá árinu 2010 til ferðaþjónustunnar beint eða óbeint.

- Hvert starf innan ferðaþjónustunnar er að skila auknum virðisauka og hefur framleiðni vinnuafls innan greinarinnar aukist talsvert síðustu ár.



- Um 41% fyrirtækja er starfa við samgöngur, flutninga og ferðaþjónustu töldu að skortur væri á starfsfólki í desember á árinu 2016.

- Skorti á starfsfólki er í vaxandi mæli mætt með erlendu vinnuafli og má áætla að hlutfall erlends vinnuafls í ferðaþjónustu verði u.þ.b. þrefalt hærra en í íslensku atvinnulífi almennt.

- Í fyrra var metár í fjölgun ferðamanna þrátt fyrir metár í styrkingu krónunnar. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur haft mikil áhrif til styrkingar á krónunni. Sterk króna hefur hins vegar neikvæð áhrif á greinina.

- Gengi krónunnar var 16% hærra í desember 2016 en á sama tíma árið áður. Mest var hækkunin gagnvart pundi (38%) en hún hefur verið mun minni gagnvart dollara (15%) og evru (19%). Frá þessum myntsvæðum eru u.þ.b. tveir af hverjum þremur ferðamönnum sem hingað koma.

- Þrátt fyrir lækkun pundsins fjölgaði breskum ferðamönnum hér á landi um ríflega 31% á síðasta ári og er vöxturinn álíka og hann var tvö árin þar á undan. Þó telja fleiri Bretar nú en áður að ferðin hafi ekki verið peninganna virði og dvelja þeir einnig skemur á landinu.



- Norska krónan hefur lækkað um 42% frá 2013 og fækkaði norskum ferðamönnum á Íslandi á síðustu tveimur árum.

- Verð á veitingastöðum og gistiþjónustu var 44% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB árið 2015 og er Ísland fjórða dýrasta landið m.v. samanburðarlönd.

- Verð á farþegaflutningum var 52% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB árið 2015 og er Ísland dýrasta landið m.v. samanburðarlönd.

- Verð á afþreyingar- og menningartengdum viðburðum var 38% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB árið 2015 og er Ísland þriðja dýrasta landið m.v. samanburðarlönd.



- Áfengir drykkir voru 126% dýrari á Íslandi en að meðaltali í aðildarríkjum ESB á árinu 2015 og er Ísland annað dýrasta landið m.v. samanburðarlönd.

- Föt og skór voru 53% dýrari á Íslandi en að meðaltali í aðildarríkjum ESB á árinu 2015 og er Ísland dýrasta landið m.v. samanburðarlönd.


- Önnur verslun var 33% dýrari á Íslandi en að meðaltali í ríkjum innan ESB og er Ísland fimmta dýrasta landið m.v. samanburðarlönd.

Spáum 30% fjölgun ferðamanna 2017

Við spáum því að ferðamönnum muni fjölga í kringum 30% á þessu ári eða um ríflega 530 þúsund. Er þetta nokkru minni hlutfallsleg aukning en í fyrra þegar vöxturinn mældist 40% en það ár var metár í vexti. Sá vöxtur sem við spáum í fjölda ferðamanna í ár er mikill í sögulegu ljósi en frá því að núverandi uppsveifla hófst í ferðaþjónustunni 2010 hefur árlegur vöxtur verið að meðaltali 25%. Þá yrði þetta einnig mesti vöxtur í fjölda talið sem mælst hefur á einu ári hér á landi. Gangi spáin eftir munu 2,3 milljónir erlendra ferðamanna sækja Ísland heim á þessu ári. Er það ríflega sjöfaldur íbúafjöldi í landinu og hefur það hlutfall aldrei verið hærra.

Þetta hlutfall er einnig mjög hátt í alþjóðlegum samanburði. Að teknu tilliti til meðaldvalarlengdar má reikna með að ferðamenn verði ríflega einn af hverjum fimm sem hér verða á landi næsta sumar. Gefur þetta vísbendingu um að umfang ferðaþjónustunnar reyni á innviði. Hins vegar er hlutfall ferðamanna á móti landrými lágt en flestir ferðamenn koma hingað til að njóta náttúrunnar. Mikill fjöldi ferðamanna og hröð fjölgun þeirra skapar eðli málsins samkvæmt aukið álag á helstu ferðamannastöðum.

Mynd 2. Fjöldi ferðamanna um KEF (í þúsundum) og % breyting frá fyrra ári



Heimild: Ferðamálastofa og Greining Íslandsbanka


Flugframboð til landsins hefur gott forspárgildi um ferðamannafjölda

Við spá um fjölda farþega horfum við m.a. til talna Isavia um úthlutun stæða í Keflavík en fullt tillit hefur verið tekið til breytinga sem Icelandair hefur gert á áætlunarferðum sínum frá þeim tíma er stæðaúthlutun lá fyrir. Úthlutunartímabilið nær til loka október í ár.

Tölur Isavia hafa alla jafnan gott forspárgildi um ferðamannafjölda og höfum við því notast við þær allt frá því að við hófum formlega spágerð. Notkun þessara talna er í takt við það mat okkar að fjölgun ferðamanna haldist best í hendur við framboð á flugferðum til landsins. Sú staðreynd að horft sé á tölur um flugumferð þýðir hins vegar að fjöldi skiptifarþega, nýtingarhlutföll og hlutdeild Íslendinga í heildareftirspurn hafa áhrif á matið á fjölda ferðamanna.

Á síðustu árum hefur sætanýting í Keflavík stórbatnað. Er það almennt í takti við þróunina í Evrópu þar sem sætanýting hefur leitað upp á við meðal annars vegna aukinnar markaðshlutdeildar


Mynd 3. Sætanýting á KEF



Heimild: Isavia

lággjaldaflugfélaga en há nýtingarhlutföll eru ein ástæða þess að þau geta boðið lægra verð. Í Keflavík hafa lággjaldaflugfélög aukið verulega við hlut sinn síðustu ár en í því sambandi má benda á vöxt WOW og Easyjet. Á sama tíma hefur sætanýting Icelandair líka batnað en hún náði nýjum hæðum 2015. Raunar var nýting Icelandair einnig góð 2016 og við gerum ráð fyrir að hún geti orðið góð á þessu ári eða í það minnsta frá þeim tíma sem félagið fer að bjóða sæti með lágmarksþjónustu en það mun vísast styðja við nýtingarhlutföll þess.

Mynd 4. Skiptifarþegar á KEF




Heimild: Isavia

Á síðustu árum hefur hlutdeild skiptifarþega heldur aukist en tæplega þriðjungur farþega notar Keflavík eingöngu sem tengihöfn. Hlutfallið gæti hækkað nú þegar WOW er farið að bjóða breitt úrval af áfangastöðum beggja vegna Atlantshafsins. Bæði íslensku flugfélögin auglýsa hins vegar þann möguleika að hafa viðdvöl á Íslandi á milli ferðanna yfir hafið og hefur fjölgað verulega í þeim hópi sem kýs að nýta þennan kost.


Að öllu virtu teljum við sem fyrr segir að erlendum ferðamönnum muni fjölga í kringum 30%. Frávik er leiða af breyttum forsendum hvað varðar þær stærðir er upp hafa verið taldar geta þó breytt spánni og mynda eðlileg vikmörk í henni. Við það bætist að skilyrði geta auðvitað skapast sem verða til þess að flugfélög kunna yfir árið að bæta við ferðum eða fella úr ferðir yfir það tímabil sem úthlutun stæða nær yfir. Á þessum tímapunkti er hins vegar fátt sem bendir til þess að áhugi erlendra ferðamanna á Íslandi sé að minnka og því ástæða til að ætla að árið geti orðið hið prýðilegasta fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Spáum því að ferðaþjónusta skili 560 mö.kr. í gjaldeyristekjur 2017

Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum sem hingað komu á árinu 2015 námu 263 mö.kr. Að viðbættum þeim gjaldeyristekjum sem íslensk fyrirtæki hafa af erlendum ferðamönnum erlendis voru tekjurnar 370 ma.kr. Nemur það 31% af heildargjaldeyristekjum þjóðarbúsins á árinu 2015. Þetta hlutfall var 19% árið 2010 þegar núverandi uppsveifla í ferðaþjónustu hófst. Þessi mikli vöxtur ferðaþjónustunnar á tímabilinu hefur verið einn helsti drifkraftur hagvaxtar og í leiðinni skotið fleiri stoðum undir gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Það ætti að skila sér í auknum stöðugleika efnahagslífsins til framtíðar. Vöxtur greinarinnar hefur einnig tengt gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins og í raun hagkerfið allt betur við efnahagsframvindu þeirra landa sem ferðamennirnir koma frá. Af þeim sökum má reikna með að hagsveiflur hér á landi muni í auknum mæli fylgja hagsveiflum heimalanda ferðamanna sem hingað koma. Heildartekjur af erlendum ferðamönnum í fyrra námu 466 mö.kr., sem er aukning um 26% frá 2015. Samkvæmt þessu fer hlutdeild greinarinnar í gjaldeyristekjum þjóðarbúsins upp í 39% og hefur aldrei áður verið hærri hér á landi. Þar af áætlum við að tekjur af ferðamönnum sem komu inn í landið hafi numið um 365 mö.kr., sem er aukning um 39% frá árinu áður. Er það álíka vöxtur og var í fjölda erlendra gesta sem komu hingað til lands.




Mynd 5. Gjaldeyristekjur Íslands vegna erlendra ferðamanna (ma.kr.)




Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Mynd 6. Heildargjaldeyristekjur og vægi helstu atvinnugreina (ma.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Mynd 7. Gjaldeyristekjur eftir helstu atvinnugreinum



Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Við spáum því að umfang ferðaþjónustunnar í hagkerfinu aukist enn frekar í ár. Spáum við því að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum verði um 560 ma.kr. í ár, eða sem nemur um 45% af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Samkvæmt þessu mun hlutdeild ferðaþjónustunnar verða langt umfram hlutdeild sjávarútvegsins og álsins samanlagt í útflutningstekjum þjóðarbúsins, sem verður samkvæmt okkar spá 31%. Þar með mun ferðaþjónustan stækka verulega í hlutfalli af útflutningstekjum þjóðarbúsins og styrkja stoðir sínar enn frekar sem stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Í ljósi þess að ferðaþjónustan hefur vaxið hratt undanfarin ár og hlutdeild hennar í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins er nú orðin talsvert meiri en annarra greina er rétt að undirstrika mikilvægi þess að fjölbreytileiki í gjaldeyrisöflun haldist með vexti annarra gjaldeyrisskapandi greina. Að öðrum kosti er hættan sú að ferðaþjónustan dragi úr fjölbreytileika í gjaldeyrisöflun sem gerir hagkerfið viðkvæmara fyrir áföllum í ferðaþjónustunni.


Hver ferðamaður eyðir rúmlega 200 þús.kr. að meðaltali

Hver ferðamaður sem kom inn í landið skilaði um 202 þús.kr. til þjóðarbúsins og skiptast útgjöldin líkt og sést á mynd 8.[1] Tveir stærstu útgjaldaliðir ferðamanna eru flugfargjöld og gisting. Hlutdeild flugfargjalda nam um 22% árið 2015 eða 45 þús.kr. á hvern ferðamann, og hefur sú hlutdeild og fjárhæð farið lækkandi síðustu ár en hún var tæplega 29% eða 54 þús.kr. árið 2009. Hlutdeild gistiþjónustu nam 21% eða 43 þús.kr. af heildarútgjöldum hvers ferðamanns að jafnaði og hefur hlutdeild hennar farið vaxandi síðustu ár, en hún var tæplega 19% eða 35 þús.kr. á hvern ferðamann árið 2009. Endurspeglar þessi þróun verðbreytingar á gistirými og flugfargjöldum á ofangreindu tímabili, en flugfargjöld hafa farið lækkandi á sama tíma og verð á gistirými hefur verið að hækka.

Af öðrum útgjaldaþáttum ná nefna að útgjöld ferðamanna til ferðaskrifstofa námu 12% eða 24 þús.kr. af heildarútgjöldum hvers ferðamanns. Leiga á bílaleigubílum og öðrum flutningatækjum nam hins vegar 9% eða 18 þús.kr. á mann. Farþegaflutningar á landi námu 5% eða 11 þús.kr. á mann. Samanlagt var vægi ofangreindra liða sem tengjast að mestu flutningum og gistingu því 69%. Útgjöld ferðamanna vegna verslunar af ýmsu tagi námu 16% og vegna veitingaþjónustu 10%.

[1] Tekið er mið af útgjöldum og fjölda ferðamanna sem gista í a.m.k. eina nótt á árinu 2015.

Mynd 8. Útgjöld ferðamanna eftir útgjaldaliðum



Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Flugsamgöngur þungamiðja íslenskrar ferðaþjónustu


Líkt og almennt gildir um eyríki byggir ferðaþjónustan hér á landi á flugsamgöngum í ríkari mæli en önnur lönd. Rúmlega 90% erlendra ferðamanna sem ferðast hingað koma með flugi. Til samanburðar er þetta hlutfall um 54% í ríkjum OECD.

Hlutfall flugsamgangna í farþegaflutningum hefur farið hækkandi í ríkjum OECD á undanförnum áratugum. Er ástæðan m.a. aukið frelsi og tækniframfarir í flugi sem hefur leitt til lægri flugfargjalda og aukins flugframboðs. Segja má að þessar breytingar séu sérstaklega mikilvægar fyrir framþróun ferðaþjónustunnar í eyríkjum líkt og Íslandi. Geta má þess að samhliða miklum vexti ferðaþjónustunnar hér á landi á síðustu árum hefur hlutfall flugsamgangna í flutningi ferðamanna aukist en það var 82% árið 2010. Sýnir þetta m.a. hvað flugsamgöngur hafa átt stóran þátt í þeim vexti.

Séreinkenni ferðaþjónustu hér á landi m.t.t. flugsamgangna eru fleiri. Að baki þessu flugi eru að mestu tvö flugfélög þ.e. íslensku flugfélögin tvö. Þrátt fyrir að erlend flugfélög hafi aukið komur sínar hingað síðustu ár þá stóðu innlendu félögin tvö samt sem áður fyrir um 80% framboðs á síðasta ári. Auk þess kemur flugið nær einvörðungu í gegnum einn flugvöll þ.e. Keflavíkurflugvöll. Segja má að í þessari fábreytni felist áhætta fyrir greinina. Í ljósi umfangs greinarinnar í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, atvinnusköpun o.fl. felst einnig í þessu áhætta fyrir hagkerfið allt.


Mikilvægi flugsamgangna hefur aukist í heiminum síðustu ár. Af gögnum Alþjóðabankans (WB) má sjá að allt frá áttunda áratug síðustu aldar hefur árleg flugumferð í heiminum að meðaltali aukist um ríflega 5% eða vel umfram hagvöxt. Þjóðhagslegt mikilvægi flugsamgangna fyrir Ísland er enn meira vegna landfræðilegrar stöðu. Árið 2015 námu flugfarþegar í heiminum alls 3,4 milljörðum en af þeim flaug einungis 0,1% til Íslands.

Mynd 9. Heildarfjöldi farþega í alþjóða- og innanlandsflugi (í milljörðum)



Heimild: Alþjóðabankinn (World Bank)

Mynd 10. Heildarfjöldi farþega (í milljónum) árið 2015 og vöxtur milli 2014 og 2015



Heimild: Eurostat

Frá því að uppsveiflan í innlendri ferðaþjónustu hófst árið 2011 hefur vöxtur farþega íslensku flugfélaganna tveggja verið meira en tvisvar sinnum hraðari en meðalvöxtur í heiminum og meira en þrisvar sinnum hraðari en vöxtur í Evrópusambandinu (ESB). Á Íslandi starfa nú um 2% landsmanna við flugsamgöngur og hefur hlutdeild greinarinnar vaxið umtalsvert á síðustu árum. Farþegaflug til Íslands hefur reyndar aukist umfram það sem tölur fyrir innlendu flugfélögin benda til enda hefur á síðustu árum orðið talsverð aukning á framboði erlendra flugfélaga á flugi hingað.


Samkvæmt gögnum Eurostat fjölgaði farþegum hingað til lands vel umfram farþegafjölgun til annarra landa innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) árið 2015. Raunar eru einungis tvær þjóðir sem komast í hálfkvisti við Ísland það ár. Þrátt fyrir þann mikla vöxt sem verið hefur hér á landi síðustu ár flugu einungis um 0,35% allra flugfarþega á EES svæðinu til Íslands árið 2015.

Lækkandi verð á flugi styður við vöxt ferðaþjónustunnar

Um 22% af útgjöldum ferðamanna í ríkjum OECD fer í flutninga. Í ríkjum ESB er þetta hlutfall 27%. Það skiptir því talsvert miklu máli fyrir val ferðamannsins á því hvert hann fer og með hvaða hætti hann ferðast hvernig verð á flutningum er að þróast.


Verð á flugi hefur lækkað talsvert í heiminum síðustu misseri samhliða lækkun eldsneytisverðs. Er það líkast til ein af ástæðum þess að ekki er að sjá mikinn samdrátt í flugumferð í Evrópu þrátt fyrir að efnahagsaðstæður hafi um margt verið erfiðar síðustu ár.

Mynd 11. Raunverðsþróun á flugi í Bandaríkjunum á verðlagi ársins 2000



Heimild: Airlines for America

Mynd 12. Raunverðsþróun farþegaflutninga eftir ferðamáta




Heimild: Eurostat

Hér á landi hefur lækkun flugfargjalda einnig verið umtalsverð síðustu ár og er það ein af ástæðum þess að erlendum ferðamönnum hefur fjölgað til muna. Einnig skýrir það að hluta af hverju ferðalög Íslendinga erlendis hafa aukist verulega á síðustu árum en í fyrra fóru fleiri Íslendingar utan en nokkru sinni áður hvort sem miðað er við fjölda eða hlutfall af heildarfjölda þjóðarinnar.

Greiningar á verðlagsþróun flugfargjalda til lengri tíma á einstökum markaðssvæðum benda flestar til þess að verð á flugi hafi lækkað verulega að raunvirði. Hvati lækkunarinnar hefur m.a. verið sú aukna samkeppni sem fylgdi mildun regluverks í kringum flugþjónustu sem og tækniframfarir. Þannig sýna bandarísk gögn t.a.m. að raunverð frá árinu 1979-2015 hefur lækkað um 40%. Gögn Eurostat um farþegaflutninga eftir ferðamáta sýna hins vegar að á síðustu árum hefur raunverðshækkun á flugsamgöngum verið talsvert minni en á öðrum farþegaflutningum.

Áhrif verðlags flugfargjalda á eftirspurn eftir flugi til og frá landinu eru talsvert lituð af því að staðkvæmdarvara fyrir fólksflutninga milli Íslands og umheimsins er varla til. Það væru þá helst samgöngur á sjó en ólíkur ferðatími og ferðamáti gerir hlutdeild þeirra í fólksflutningum á milli Íslands og umheimsins litla. Mikilvægi flugsamgangna fyrir ferðaþjónustuna hér á landi gerir verðþróun enn mikilvægari en í flestum öðrum ríkjum. Lækkun flugfargjalda líkt og verið hefur undanfarið leggur því talsvert til þess vaxtar sem hefur verið í fjölda ferðamanna til og frá landinu á síðustu misserum. Í öðrum ríkjum gæti næmni fólksflutninga með flugi m.t.t. flugfargjalda hins vegar verið meiri en finnst í flugi hér á landi þar sem fleiri samgöngumöguleikar eru í boði.

Mynd 13. Samanburður á vexti í flugsamgöngum og hagvexti



Heimild: Alþjóðabankinn (World Bank)


Rannsóknir sýna að fólksflutningar með flugi eru mjög næmir gagnvart breytingum á tekjum ferðamanna. Almennt er niðurstaðan sú að hækki laun um 1% leiðir það til meira en 1% aukningar í farþegaflutningum með flugi. Þá er meiri tekjunæmni fyrir lengri flug (e. long-haul) en þar er gjarnan miðað við að tímalengd flugs sé meiri en sex klukkustundir. Það skiptir því miklu máli fyrir vöxt ferðaþjónustu hér á landi hvernig efnahagsástand þróast í þeim löndum sem ferðamennirnir koma frá. Þannig hefur það eflaust átt sinn þátt í miklum vexti ferðamanna frá Bandaríkjunum undanfarið að efnahagsástandið þar hefur verið að batna. Einnig hefur það haft mikið að segja um drjúgan vöxt í ferðalögum Íslendinga til útlanda að fjárhagur íslenskra heimila hefur verið að vænkast. Vísbendingar eru hins vegar um að tekjunæmni farþegaflutninga með flugi minnki eftir því sem þjóðir efnast og markaðir þroskast.

Sem mælikvarða á hversu næmir farþegaflutningar með flugi eru fyrir tekjuvexti í heiminum er oft horft til vaxtar í farþegaflutningum með flugi annars vegar og hagvaxtar hins vegar. Á síðustu 40 árum hefur farþegum með flugi að meðaltali fjölgað árlega um 5,4% á meðan hagvöxtur hefur verið um 3%. Af þessu má draga þá ályktun að tekjuteygni farþegaflutninga með flugi hafi verið um 1,8 fyrir þetta tímabil.

Íslensku flugfélögin með 75% framboðsins


Saga ferðaþjónustu hér landi líkt og víða annars staðar er saga samgangna. Í ljósi landfræðilegrar legu kemur ekki á óvart að saga flugsamgangna er mjög stór þáttur í sögu ferðaþjónustunnar hér á landi. Fyrsta millilandaflug íslenskra flugfélaga var farið 1945 en farþegaflug á Íslandi hófst fyrir alvöru á sjötta áratugnum. Á þeim tíma hefur eflaust fáa órað fyrir því að á árinu 2016 myndu 6,8 milljónir manna fljúga um Keflavíkurflugvöll. Tíðni flugferða hefur aukist til muna og áfangastöðum fjölgað. Svo dæmi sé tekið þá hefur framboð flugsæta til landsins tvöfaldast á síðustu fjórum árum og hefur heilsársáfangastöðum fjölgað hlutfallslega umfram það en á síðasta ári voru þeir orðnir 49 talsins. Miðað við núverandi áætlun Isavia verður áætlunarflug til 24 landa í sumar og frá Keflavík verður flogið til 85 mismunandi flugvalla.

Mynd 14. Brottfarir Íslendinga um KEF og kaupmáttur launa mælt í flugfargjöldum



Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa


Mynd 15. Beint flug frá KEF eftir löndum



Heimild: Isavia

Þrátt fyrir að erlend flugfélög hafi tvöfaldað framboð sitt á flugi til landsins frá árinu 2013 þá er framboð flugsæta til og frá landinu enn langmest af hálfu íslenskra flugfélaga. Þannig voru brottfararsæti þeirra 80% af heildar brottfararsætum 2016 samanborið við 67% árið 2007. Miðað við fyrirliggjandi gögn fyrir þetta ár, sem ná til loka októbermánaðar, verður hlutdeild þeirra 75% en sterk króna hefur neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu innlendu flugfélaganna vegna innlends rekstrarkostnaðar. Innlendu félögin hafa skilað bróðurhluta vaxtar í farþegafjölda síðustu ár. Sé litið til framboðsaukningar í farþegaflugi á árinu 2016 sem dæmi, en það var eitt mesta vaxtarár hingað til í íslenskri ferðaþjónustu, má sjá að WOW skilaði stærstum hluta af þeim vexti eða um 44%, Icelandair næststærstum hluta eða um 35% og önnur flugfélög um 21%. Icelandair hefur verið í stöðugum vexti síðustu ár og er stærsta flugfélagið í Keflavík. Félagið stendur fyrir tæplega helmingi framboðs um flugvöllinn á þessu ári út október. Síðustu ár hefur vöxtur WOW hins vegar verið nokkuð umfram vöxt Icelandair og yfir fyrrgreint tímabil verður félagið með tæplega þriðjung framboðsins. Vöxtur íslensku flugfélaganna hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að styðja við vöxt innlendrar ferðaþjónustu en á sama tíma hefur eftirspurn eftir Íslandi sem áfangastað stutt við vöxt flugfélaganna.

Mynd 16. Framboðin flugsæti í milljónum



Heimild: Isavia, Greining Íslandsbanka

Mikil tækifæri fyrir Ísland sem tengihöfn

Ísland sem áfangastaður hefur gefið íslenskum flugfélögum byr í seglin. Viðskiptamódel þeirra er hins vegar í raun mun frekar að nýta Keflavík sem tengihöfn yfir Atlantshaf með sama hætti og flughafnirnar í Dublin og London eru nýttar sem tengihafnir fyrir alþjóðlega flugumferð. Möguleikar Íslands sem tengihafnar eru talsverðir enda fer rúmlega fjórðungur flugs yfir Norður-Atlantshafið um íslenska flugstjórnarsvæðið. Íslensku flugfélögin eru í raun að bjóða upp á ferðalag milli Norður-Ameríku og Evrópu á lægra verði eða styttri ferðatíma en önnur flugfélög. Til að styðja við þennan markað auglýsa bæði íslensku flugfélögin þann möguleika að stoppa við á Íslandi. Slíkar auglýsingar eru ekki nýjar af nálinni en Loftleiðir, forveri Icelandair, auglýstu þennan kost fyrst árið 1963. Þessi markaðssetning hefur haft jákvæð áhrif á ferðamennsku til Íslands en á síðasta ári kusu tæplega 145 þúsund skiptifarþegar Icelandair að stoppa við á Íslandi. Fjöldinn er meiri en allir ferðamenn til landsins fyrir 25 árum og rúmlega 8% allra ferðamanna er sóttu landið heim. WOW er líka á þeirri vegferð að fjölga þessari tegund farþega en hlutfall þeirra í heildar farþegafjölda félagsins liggur ekki fyrir. Samkvæmt gögnum Isavia var um þriðjungur farþega sem fór um Keflavík á síðasta ári skiptifarþegar. Keflavík er því bæði áfangastaður og tengihöfn.

Mynd 17. Íslenska flugstjórnarsvæðið



Heimild: Isavia


Keflavíkurflugvöllur hefur tvöfaldast að stærð

Af ferðamönnum sem hingað komu á síðasta ári fóru rúmlega 90% um Keflavíkurflugvöll. Flugvöllurinn gegnir þannig gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir íslenska ferðaþjónustu og felur í sér mikil tækifæri fyrir bæði íslensk og erlend flugfélög til að nota Ísland sem tengihöfn. Í því felst hins vegar einnig áhætta fyrir íslenska hagkerfið þ.e. að stór hluti gjaldeyristekna komi í gegnum einn flugvöll. Flugvöllurinn hefur stækkað verulega síðustu ár. Frá byrjun aldarinnar hefur völlurinn tæplega tvöfaldast að stærð og stæðum á flugvellinum hefur fjölgað hratt. Á árinu 2016 voru 29 stæði á vellinum en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi um 7 á næstu tveim árum.

Borið hefur á áhyggjum af því að flugvöllurinn sé kominn að þolmörkum. Það er hins vegar svo að mesta álagið raðast á ákveðna tíma sólarhringsins og á ákveðna árstíma á meðan svigrúm er til staðar utan háannatíma. Ástæðan liggur m.a. í því að til þess að Ísland nýtist sem tengihöfn þurfa vélar íslensku flugfélaganna að austan og vestan að mætast á flugvellinum. Icelandair hefur þó reynt að bregðast við með því að mynda nýjan tengitíma um miðnætti þegar álag á flugvellinum er minna. Þá hafa flugfélög einnig almennt aukið framboð sitt hlutfallslega meira utan háannatíma. Það ætti því ekki að standa á flugvellinum þegar kemur að því að taka á móti fleiri farþegum.


Hins vegar liggur eðlilega nokkur áhætta í því að starfrækja einungis einn alþjóðaflugvöll á landinu. Icelandair skoðar nú veðurskilyrði í Hvassahrauni vegna mögulegs flugvallar þar. Þrátt fyrir að verið sé að horfa til innanlandsflugs í þessu samhengi væri líka möguleiki að nýta flugvöll þar fyrir millilandaflug seinna meir. Þannig mætti dreifa áhættu og mynda samkeppni á milli flugvalla neytendum til hagsbóta.

Mynd 18. Síðasta framkvæmdaskref á KEF miðað við núverandi framkvæmdaáætlun



Heimild: Isavia

Mynd 19. Umferð farþega um Keflavík yfir sólarhring m.v. framboðin sæti fyrir allt árið 2016



Heimild: Isavia

Erlend flugfélög grípa sveifluna


Þrátt fyrir að innlendu flugfélögin hafi gegnt veigamiklu hlutverki í auknu flugframboði síðustu ára hefur framboð erlendra flugfélaga vaxið talsvert á sama tíma. Á síðasta ári var um fjórðungur flugframboðs erlendra flugfélaga frá Easyjet, sem flýgur hingað allt árið um kring og hefur flogið hingað frá árinu 2012. Næstmesta framboð erlendra flugfélaga kom frá SAS en hlutdeild þess í heildarframboði var þó einungis tæp 3%. SAS er ólíkt Easyjet að því leyti að félagið er hér gamall gestur og hélt úti flugi til landsins allt tímabilið sem hér er til skoðunar. Félagið jók hins vegar talsvert framboð sitt á síðasta ári eða um tæp 80%. Að því marki sem úthlutun liggur fyrir það sem eftir lifir árs er útlit fyrir að Easyjet verði áfram stærst erlendra flugfélaga og SAS næststærst. Það er hins vegar áhugavert að sjá, þegar horft er til þessara stærstu erlendu flugfélaga, að lággjaldaflugfélagið Wizz Air stækkar hlutfallslega mest en það mun halda úti áætlunarflugi til Ungverjalands, Póllands og Litháen.

Framboð til einstakra áfangastaða er eðlilega í talsverðu samræmi við fjölda ferðamanna til landsins frá viðkomandi stöðum. Það undirstrikar hve miklu máli skiptir fyrir vöxt ferðaþjónustunnar hér á landi síðustu ár, að flugfélög hafi ákveðið að auka flugframboð til Íslands og í því sambandi fjölga áfangastöðum. Varðandi fylgni þessara talna spilar þó ýmislegt inn í, t.d. hlutverk staðarins sem tengihafnar inn á aðra markaði. Þetta á til dæmis við um Bretland þar sem hlutdeild í heildarframboði er talsvert umfram gestakomur þaðan en hlutverk landsins sem tengihöfn er vel þekkt. Í apríl á þessu ári hyggst Finnair hefja flug hingað til lands og mun félagið bjóða upp á flug allt árið um kring. Hvatinn liggur ekki síst í hlutverki Helsinki sem tengihafnar inn á Asíumarkað en forsvarsmenn félagsins segja að ein af ástæðum ákvörðunar félagins að bjóða upp á flug hingað allt árið sé mikil eftirspurn eftir Íslandsferðum í Kína og Japan.

Sú staðreynd að erlend flugfélög eru farin að venja komur sínar hingað til lands er vissulega lyftistöng fyrir íslenska ferðaþjónustu. Það styður ekki aðeins við fjölbreyttari flóru ferðamanna heldur geta þau gripið sveiflur í eftirspurn og minnkað rekstraráhættu að því leyti að fólksflutningar hingað færast á fleiri hendur. Á móti vegur að þau eru að öllum líkindum kvikari viðskiptavinir í Keflavík en íslensku flugfélögin og geta horfið á braut jafn hratt og þau komu.

Mikið undir flugfélögunum komið

Góðar flugsamgöngur eru íslenskri ferðaþjónustu og hagkerfinu öllu mikilvægar. Ferðaþjónustan sem og íslenska þjóðin á mikið undir rekstri flugfélaganna. Flugið skilaði þannig beint og óbeint stórum hluta gjaldeyristekna þjóðarbúsins, starfa í hagkerfinu, landsframleiðslu og hagvexti síðustu ára. Möguleikar Íslands sem tengihafnar til lengri tíma eru miklir. Fjárfestingarþörf er umtalsverð á flugvellinum en það er langt í frá hægt að halda því fram að uppselt sé á Keflavíkurflugvelli. Á síðustu árum hefur tíðni ferða erlendra flugfélaga hingað aukist talsvert. Þau eru mikilvægur sveiflujafnari fyrir innlenda ferðaþjónustu auk þess sem þau draga úr rekstraráhættu í greininni.




Gistiþjónusta á landsbyggðinni sækir í sig veðrið

Gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi eru um þessar mundir u.þ.b. 90% af öllum seldum gistinóttum á landinu. Til samanburðar nam þetta hlutfall um 68% á árinu 2001. Erlendir ferðamenn eru því umtalsvert veigameiri í íslenskri gistiþjónustu í dag en á árum áður. Seldar gistinætur til erlendra ferðamanna á öllum tegundum gististaða voru um 5,6 milljónir á árinu 2015 og fjölgaði þeim um 27% frá fyrra ári. Útgjöld erlendra ferðamanna vegna gistiþjónustu námu um 56 mö.kr. á árinu 2015 og jukust um 33% frá fyrra ári. Gistiþjónusta nemur um 21% af heildarútgjöldum erlendra ferðamanna hér á landi.


Erlendir ferðamenn hafa í gegnum tíðina í minna mæli nýtt gistiþjónustu á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Til marks um það var rétt rúmlega helmingur þeirra sem nýttu sér gistiþjónustu á landsbyggðinni erlendir ferðamenn árið 2001. Hlutfallið hefur þó farið hækkandi og um þessar mundir má reikna með að rúmlega átta af hverjum tíu sem nýta sér gistiþjónustu á landsbyggðinni séu erlendir ferðamenn. Gistiþjónusta á landsbyggðinni hefur vaxið hraðar en á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2013 en um þessar mundir er rúmlega helmingur allra seldra gistinátta á landsbyggðinni. Flestar gistinætur á landsbyggðinni eru seldar á Suðurlandi eða um 18% af öllum seldum gistinóttum og fæstar á Norðurlandi vestra, 2,5%.

Mynd 20. Gistinætur útlendinga á Íslandi eftir landsvæðum (í milljónum)




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 21. Hlutfall seldra gistinótta til erlendra aðila eftir landsvæðum



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 22. Seldar gistinætur til erlendra aðila eftir landshlutum árið 2015



Heimild: Hagstofa Íslands


Árstíðasveiflur enn vandamál á landsbyggðinni

Árstíðasveiflur í ferðaþjónustu á landsbyggðinni eru umtalsvert meiri en á höfuðborgarsvæðinu en tvær af hverjum þremur seldum gistinóttum til erlendra ferðamanna á landsbyggðinni eiga sér stað á sumrin.[2] Á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall talsvert lægra eða um þriðjungur. Því er ljóst að árstíðasveifla er ennþá töluverð í gistiþjónustu á landsbyggðinni þrátt fyrir að hún hafi minnkað nokkuð á undanförnum árum.

[2] Í þessari greiningu er sumar skilgreint sem mánuðirnir júní, júlí og ágúst


Flestir erlendir ferðamenn gista á hótelum eða um 45% og næstflestir á gistiheimilum eða um 19%. Gista því um 64% ferðamanna á hótelum eða gistiheimilum. Þetta hlutfall hefur lækkað um 6,4 prósentustig frá árinu 2010 þegar það var um 71%. Ástæðan er sú að fleiri erlendir ferðamenn velja nú að gista í íbúða-, heimagistingu, orlofshúsi eða á farfuglaheimili. Raunar kann hlutfall hótel- og gistiþjónustu að vera ofmetið í dag þar sem gistinætur seldar í gegnum deilihagkerfið, s.s. Airbnb, falla að einhverju leyti utan tölfræðinnar. Um 16% erlendra ferðamanna gistu í heimahúsi, íbúðagistingu eða orlofshúsi á árinu 2015 og fjölgaði gistinóttum á slíkum stöðum mest eða um 35%.

Mynd 23. Seldar gistinætur eftir landsvæðum og árstíð 2010 og 2015



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 24. Gistinætur útlendinga eftir tegund gistingar




Heimild: Hagstofa Íslands

Hótel í Reykjavík þau dýrustu á Norðurlöndum


Meðalnýting hótelherbergja í helstu höfuðborgum Norðurlandanna yfir heilt ár er um þessar mundir hæst í Reykjavík eða 84% og lægst í Osló eða 66%. Meðalnýting í Reykjavík hefur hækkað mest af þessum höfuðborgum frá árinu 2011 eða um 20 prósentustig. Þessi þróun kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem erlendum ferðamönnum fjölgaði um 227% hér á landi yfir tímabilið á meðan hótelherbergjum fjölgaði einungis um 52% í Reykjavík.

Mynd 25. Meðalnýting hótelherbergja á Norðurlöndum frá árinu 2011




Heimild: Hagstofa Íslands og Benchmarking Alliance

Mynd 26. Nýting hótelherbergja á Norðurlöndum eftir mánuðum á árinu 2016



Heimild: Hagstofa Íslands og Benchmarking Alliance

Mynd 28. Meðalverð (í evrum) hótelherbergja á Norðurlöndum frá árinu 2011



Heimild: Benchmarking Alliance


Nýting í Reykjavík er hærri utan háannatíma en í öðrum höfuðborgum líkt og sést á mynd 26. Að hluta er það vegna þess að tekjustýring virðist vera talsvert virkari í Reykjavík en í þeim borgum sem hér eru bornar saman.

Meðalverð hótelherbergja er um þessar mundir hæst í Reykjavík en þar kostaði hótelherbergi að meðaltali um 137 evrur (18,2 þús. kr.) á árinu 2016. Verðið í Reykjavík var á bilinu 10-32% hærra en í öðrum höfuðborgum Norðurlandanna. Verð á hótelherbergi í Reykjavík hefur hækkað mest frá árinu 2011 eða um 71% mælt í evrum. Samkvæmt verðvísitölu hefur verð á gistingu hækkað um 32% og má því reikna með að rúmlega helmingur þeirrar hækkunar sem á sér stað á hótelverði mælt í evrum sé vegna gengisþróunar. Á mynd 27 sést að breytingar á verði hótelherbergja innan ársins 2016 eru töluvert meiri í Reykjavík en í öðrum borgum á Norðurlöndum.

Munur á hæsta og lægsta verði nemur 118% í Reykjavík, 55% í Kaupmannahöfn, 41% í Osló, 37% í Stokkhólmi og 18% í Helsinki. Verð á hótelherbergjum er því rúmlega tvöfalt hærra á Íslandi þegar eftirspurn er hvað mest miðað við verð utan háannatíma.


Meðaltekjur af hverju hótelherbergi (RevPAR) er mælikvarði á það hversu vel hótelum gengur að fylla herbergi miðað við verð. Þar sem bæði nýting og meðalverð á hverju hótelherbergi er hæst í Reykjavík þá er RevPAR einnig töluvert hærra hér en annars staðar á Norðurlöndum. RevPAR var á bilinu 19-70% hærra í Reykjavík en í öðrum höfuðborgum Norðurlandanna. Að öðru óbreyttu gefur há nýting í Reykjavík til kynna frekara rými til verðhækkana. Í því samhengi þarf þó að hafa í huga samkeppnishæfni hótela hvað verðlagningu varðar, sér í lagi í ljósi þess að verð á hótelum í Reykjavík er um þessar mundir hæst í samanburði milli höfuðborga Norðurlandanna.

Mynd 27. Meðalverð (í evrum) hótelherbergja á Norðurlöndum eftir mánuðum á árinu 2016



Heimild: Benchmarking Alliance

Mynd 29. Meðaltekjur (í evrum) af hótelherbergjum á Norðurlöndum frá árinu 2011 (RevPar)



Heimild: Benchmarking Alliance

Útlit fyrir að hótelgisting muni áfram vaxa hægar en annars konar gisting

Við reiknum með að hótelfjárfesting á höfuðborgarsvæðinu verði tæplega 46 ma.kr. og að hótelherbergjum muni fjölga um rúmlega tvö þúsund á næstu fjórum árum. Við reiknum með að það þurfi að byggja um 1.400 hótelherbergi strax á þessu ári m.v. 30% fjölgun ferðamanna á árinu og sömu nýtingu hótelherbergja og á árinu 2016. Áætlaður fjöldi hótelherbergja sem ráðgerð eru á árinu 2017 nema því um þriðjungi af áætlaðri þörf. Áhrifin munu, að öðru óbreyttu, vera þau að nýting hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu eykst og/eða að hlutfallslega fleiri ferðamenn nýti sér annars konar gistingu. Því er ljóst að áfram mun vera þrýstingur á aukið umfang deilihagkerfisins og annars konar gistiþjónustu á svæðinu.

Áætluð herbergjaþörf á höfuðborgarsvæðinu árið 2017 m.v. sömu nýtingu og árið áður
6.074

Áætlaður fjöldi **hótelherbergja sem þarf að byggja** á árinu 2017
1400

Áætlaður fjöldi **hótelherbergja byggð** á árinu 2017
465

Byggt sem **hlutfall af þörf**
33%

Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Deilihagkerfið heldur áfram að vaxa hratt


Líkt og komið hefur fram hefur fjárfesting í hótel- og gistirými ekki fylgt eftir fjölgun ferðamanna. Einnig hefur verðhækkun hótelgistingar verið talsverð og er verðið orðið hátt í alþjóðlegum samanburði eins og bent er á hér að framan. Þetta hefur skapað grundvöll fyrir mikinn vöxt deilihagkerfisins undanfarin ár.

Fjöldi gistirýma á Airbnb rúmlega tvöfaldaðist á síðastliðnu ári og nýting jókst

Á síðastliðnu ári var meðalfjöldi virkra gistirýma á Airbnb í Reykjavík 2.000 og fjölgaði þeim um 116% sem nemur rúmlega tvöföldun frá árinu á undan.[3] Skipting gistirýma eftir tegundum á árinu 2016 er þannig að um 1.445 voru heimili (72%), 517 afmörkuð herbergi (26%) og um 2% sameiginleg svæði. Nýting gistirýma reiknuð m.v. almanaksár var 55% að meðaltali á árinu 2016 eða um 11 prósentustigum hærri en árið 2015. Á árinu 2015 var hver íbúð á Airbnb leigð út að meðaltali 4,5 sinnum í 3,1 dag í senn eða að jafnaði alls um 14 daga í hverjum mánuði. Hver íbúð var hins vegar leigð að meðaltali um 5,2 sinnum í 3,3 daga í senn eða að jafnaði alls rúmlega 17 daga í hverjum mánuði á árinu 2016. Gistirými á Airbnb voru því bæði leigð út oftar og einnig lengur í senn að meðaltali á síðastliðnu ári en 2015.


[3] Virk gistirými eru í þessum kafla skilgreind sem gistirými sem hafa að lágmarki verið leigð út einu sinni í gegnum Airbnb

Mynd 30. Áætluð fjölgun hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu




Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Mynd 31. Áætluð fjárfesting í hótelum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum (ma.kr.)




Heimild: Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka

Mynd 32. Meðalfjöldi og nýting gistirýma á Airbnb í Reykjavík



Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka


Mynd 33. Staðsetning virkra gistirýma á Airbnb í Reykjavík



Heimild: Airdna

Fjöldi virkra gistirýma á Airbnb innan ársins er að jafnaði mestur í júní, júlí og ágúst en á þeim tíma voru þau um og yfir 2.500. Á þessum tíma er nýting hótela í Reykjavík rúmlega 90% að meðaltali og fjöldi ferðamanna með mesta móti. Af þeim sökum er eftirspurn eftir öðrum gistirýmum en hótelum meiri á þessum tíma árs. Þrátt fyrir mikla fjölgun í framboði gistirýma á Airbnb í júní, júlí og ágúst er nýting með mesta móti á þeim tíma eða um 62% að meðaltali.

Mynd 34. Fjöldi gistirýma á Airbnb eftir tegund gistirýmis og meðalnýting í hverjum mánuði




Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka

Airbnb hefur átt stóran þátt í hækkun íbúðaverðs

Þegar einungis er horft til heimila sem voru í útleigu í gegnum Airbnb og nýtingu þeirra í hverjum mánuði má áætla fjölda íbúða sem voru í leigu á Airbnb öllum stundum eftir mánuðum. Að meðaltali voru um 300 íbúðir í útleigu öllum stundum á Airbnb á árinu 2015 og um 809 á árinu 2016. Er þetta aukning um 509 íbúðir en til samanburðar voru byggðar 399 íbúðir í Reykjavík á árinu 2016. Fjölgun íbúða í heilsársútleigu á Airbnb hefur því verið talsvert umfram fjölgun nýrra íbúða í Reykjavík yfir sama tímabil og þannig átt stóran þátt í mikilli hækkun íbúðaverðs á svæðinu. Þess má geta að í ágúst á árinu 2016 náði fjöldi íbúða á Airbnb hámarki í um 1.225 íbúðum og er það um 131% fjölgun frá því í sama mánuði á árinu 2015 þegar fjöldinn var 531.

Mynd 35. Áætlaður fjöldi heimila í heilsársleigu á Airbnb í Reykjavík á hverjum tíma




Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka



Heildartekjur vegna Airbnb gistirýma í Reykjavík námu tæpum 7 mö.kr. árið 2016


Heildartekjur vegna útleigu gistirýma á Airbnb námu um 6,76 mö.kr. á árinu 2016. Til samanburðar námu tekjur hótela á höfuðborgarsvæðinu um 19,6 mö.kr. Tekjur gistirýma á Airbnb í Reykjavík námu því rúmlega þriðjungi (35%) af tekjum hótela á höfuðborgarsvæðinu til samans. Tekjur vegna gistirýma á Airbnb í Reykjavík námu um 2,51 ma.kr. á árinu 2015 og jukust heildartekjur því um 4,25 ma.kr. á milli ára eða um 169%. Skýrist þetta af því að rúmlega tvöfalt fleiri gistirými voru að jafnaði leigð út á árinu 2016 og voru þau einnig leigð út oftar og í lengri tíma í senn líkt og áður hefur komið fram. Einnig kom til nokkur verðhækkun á hverja selda nótt. Meðaltekjur af hverri seldri nótt jukust úr 16,1 þús.kr. á árinu 2015 í 16,3 þús.kr. á árinu 2016 eða um tæplega 1%. Meðaltekjur af hverju gistirými voru um 271 þús.kr. á mánuði á árinu 2016 og hækkuðu um 25% frá fyrra ári. Er það ígildi þess að tekjur af hverju gistirými, m.v. heilsársleigu, hafi verið um 3,25 m.kr. að meðaltali árið 2016. Tekjur í dollurum voru tæplega þrefalt meiri á árinu 2016 en 2015. Talsverð styrking krónunnar á árinu 2016 olli því að tekjur í íslenskum krónum voru lægri en ella. Hver seld nótt á Airbnb var ódýrari að meðaltali en á hótelherbergi. Einnig geta fleiri deilt með sér kostnaði á Airbnb en á hótelherbergi þar sem að hvert gistirými hýsir að meðaltali fleiri á Airbnb. Kostnaður við gistiþjónustu í gegnum Airbnb er því alla jafnan lægri en á hótelum og þannig gefst ferðamönnum sem hingað koma færi á ódýrari gistingu en ella.

Mynd 36. Heildartekjur vegna sölu á gistirýmum á Airbnb í Reykjavík (ma.kr.)




Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka

Mynd 37. Tekjur vegna sölu á gistirýmum á Airbnb í Reykjavík eftir mánuðum



Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka

Mynd 38. Meðaltekjur á hvert gistirými eftir mánuðum (í þús.kr.)




Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka

Framboð gistinátta á Airbnb nálgast framboð allra hótela á höfuðborgarsvæðinu til samans

Ef gert er ráð fyrir að öll rými á Airbnb séu fullnýtt hvað fjölda næturgesta varðar er hægt að áætla heildarframboð seldra gistinátta. Slíkir útreikningar benda til að framboð seldra gistinótta á Airbnb hafi aukist um 179% á milli áranna 2015 og 2016. Á sama tíma jukust seldar gistinætur hótela á höfuðborgarsvæðinu um 30%. Gistiþjónusta í gegnum Airbnb hefur því vaxið umtalsvert umfram alla aðra gistiþjónustu sem stendur ferðamönnum til boða á Íslandi. Framboð seldra gistinótta á Airbnb í Reykjavík nam um 540 þúsundum eða um 29% af seldum gistinóttum hótela á höfuðborgarsvæðinu í heild á árinu 2015. Á árinu 2016 nam framboð seldra gistinátta á Airbnb í Reykjavík um 1.518 þúsundum eða um 63% af seldum gistinóttum hótela á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma. Er það ígildi þess að um 380 þúsund ferðamenn eða um 21% af heildarfjölda ferðamanna á árinu 2016 hafi nýtt sér gistirými í gegnum Airbnb.[4] Þegar tekið er mið af þeim dögum sem gistirými voru auglýst á Airbnb en ekki leigð má áætla heildarframboð gistinátta á Airbnb. Nemur það um 2,35 milljónum gistinátta á árinu 2016 eða um 69% af heildarframboði gistinátta hótela á höfuðborgarsvæðinu á sama ári. Framboð gistinátta á Airbnb yfir háannatíma síðastliðið sumar var ennþá hærra sem hlutfall af framboði gistinátta á hótelum á höfuðborgarsvæðinu eða um 87%. Því hefði gistiþjónusta í gegnum Airbnb getað þjónustað hátt í sama fjölda og öll hótel á höfuðborgarsvæðinu til samans. Ef öll rými sem auglýst voru á Airbnb á árinu 2016 hefðu verið fullnýtt væri það ígildi þess að um þriðjungur ferðamanna eða um 586 þúsund hefði nýtt sér slíka gistiþjónustu í Reykjavík. Eru þá ótalin gistirými í gegnum Airbnb sem eru staðsett utan Reykjavíkur. Haldi gistiþjónusta í gegnum Airbnb áfram að vaxa líkt og á undanförnum árum má ætla að afkastageta Airbnb Í Reykjavík verði orðin sambærileg og hjá öllum hótelum höfuðborgarsvæðisins til samans á líðandi ári.


[4] Miðað er við að hver ferðamaður gisti í Reykjavík í u.þ.b. fjórar nætur meðan á dvöl stendur líkt og kannanir Ferðamálastofu gefa til kynna.

Mynd 39. Seldar gistinætur hótela á höfuðborgarsvæðinu og framboð seldra gistinátta á Airbnb í Reykjavík



Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka

Mynd 40. Heildarumfang Airbnb í Reykjavík í samanburði við heildarumfang hótela á höfuðborgarsvæðinu í heild



Heimild: Airdna og Greining Íslandsbanka

Næstum einn af hverjum tíu bílum landsins bílaleigubíll

Bílaleigumarkaðurinn hélt áfram að vaxa á árinu 2016 eins og síðustu ár. Bæði fjölgaði í bílaflotanum og í hópi meðalstórra og stórra rekstraraðila. Á árinu 2016 voru 20.847 bílaleigubílar skráðir í bifreiðaskrá þegar mest lét og var flotinn þá að rjúfa 20.000 bíla múrinn í fyrsta skipti, en þetta var aukning um 35% frá árinu 2015 þegar bílarnir voru um 15.400 talsins. Aldrei áður hefur viðlíka vöxtur orðið í flotanum á milli ára en ef horft er til áranna 2010-2015 þá hafði vöxtur á milli einstakra ára verið á bilinu 7-26%. Það er því ljóst að vöxturinn var gríðarlegur og ef til vill var um uppsafnaða endurnýjunarþörf frá fyrri árum að ræða. Við spáum 30% fjölgun ferðamanna í ár frá fyrra ári, og því er ekki ólíklegt að bílaleiguflotinn muni aftur stækka á milli ára. Hversu mikið er erfitt að segja til um, en hafa ber í huga að hann þarf ekki endilega að elta fjölgun ferðamanna að öllu leyti. Fjölgun ferðamanna er til dæmis hlutfallslega meiri á vetrarmánuðum en yfir sumartímann, þannig að fjárfestingar í bílum til að mæta toppi sumarsins nýtast einnig til að þjóna viðskiptavinum á veturna þegar þeir eru færri. Þá má einnig horfa til þess að sífellt stærri hluti bílaleiguflotans er nýttur í langtímaleigu til íslenskra viðskiptavina í stað þess að þjóna ferðamönnum í skammtímaleigu. Það er þó erfitt að gera sér í hugarlund að flotinn muni stækka minna en um 15% frá árinu 2016, en slík stækkun myndi þýða að flotinn fari í um 24.000 bíla þegar hann verður hvað stærstur yfir hásumarið.


Bílaleigubílar hafa myndað sístækkandi hluta af heildarbílaflota landsins á síðustu árum. Fyrir 2010 var hlutfallið stöðugt í 2-3% í mörg ár en þaðan í frá tók það að rísa hratt. Ekki liggja enn fyrir endanlegar tölur um heildarbílaflotann á landinu árið 2016 en miðað við spá var bílaleiguflotinn nálægt því að vera um 10% af heildarbílaflotanum. Þróunina síðustu fjögur ár má sjá á myndinni hér til hliðar.

Stærri rekstraraðilum fjölgar

Um 160 aðilar voru með skráð leyfi til bílaleigureksturs á árinu 2016, sem er svipaður fjöldi og á árunum 2013-2015. Á árunum þar á undan hafði leyfum hinsvegar fjölgað mikið eftir 2008 frá því sem áður var. Þetta segir þó ekki alla söguna því ekki eru allir leyfishafar sannanlega virkir í rekstri og því er þessi tala í raun ómarktæk sem mælikvarði á fjölda rekstraraðila á markaðnum. Til samanburðar er því gagnlegt að skoða út frá bifreiðaskrá hversu margir aðilar eru skráðir með bílaleigubíla á sína kennitölu og þá hversu marga bíla. Sú skoðun sýnir að þótt 160 aðilar séu með leyfi þá eru einungis 104 skráðir með bílaleigubíla á sína kennitölu, þ.e. einn bílaleigubíl eða fleiri. Þetta er svo hægt að þrengja enn frekar til að sjá hversu margir eru með teljandi rekstur, en slík greining sýnir að af þessum 104 aðilum voru 67 með 10 bíla eða fleiri, 51 með 20 bíla eða fleiri og 36 með 50 bíla eða fleiri í rekstri.


Rekstraraðilarnir á markaðnum eru því misjafnlega stórir. Ef horft er til 20 stærstu aðilanna á markaðnum út frá bílaeign þá er sá stærsti með um 4.500 bíla en sá tuttugasti stærsti með 120 bíla. Sú þróun hefur átt sér stað síðustu árin að hlutdeild stærri aðilanna af heildar bílaleigubílaflotanum hefur farið minnkandi á meðan litlir og millistórir aðilar hafa stækkað sinn hlut. Þegar bílaeign 20 stærstu aðilanna á markaðnum í ágúst 2016 og hlutfall þeirra af heildarflota hvers árs síðustu 3 ár er skoðuð ber að hafa í huga að 1.105 bílar voru skráðir undir nafnleynd í bifreiðaskrá og því ekki hægt að rekja eignarhald þeirra, en talið er að ein bílaleiga eigi um helminginn og restin skiptist á milli annarra minni aðila.

Mynd 41. Fjöldi bílaleigubíla




Heimild: Samgöngustofa

Mynd 42. Heildarfjöldi bíla og hlutfall bílaleigubíla þar af



Heimild: Samgöngustofa

Mynd 43. Fjöldi bílaleigna eftir bílaeign




Heimild: Samgöngustofa

Enn fer tæplega helmingur nýrra bíla til bílaleigna

Almenn sala nýrra bíla til einstaklinga og fyrirtækja hefur stóraukist á síðustu árum, en bílaleigur halda þó áfram að standa undir tæplega helmingi sölunnar. Á árinu 2016 keyptu bílaleigurnar samtals um 9.250 nýja bíla inn í flotann sinn, og var það um 42% af öllum seldum nýjum bílum á Íslandi á árinu. Þetta hlutfall er svipað og undanfarin ár og í kringum meðaltalið frá hruni. Bílaleigur skipa því enn stóran sess í heildarsölu bíla á landinu en þetta hlutfall er langt yfir því sem tíðkaðist fyrir hrun og ljóst að heildarbílafloti landsmanna endurnýjar sig enn að stórum hluta með þessum hætti því flestir bílaleigubílar enda á hinum almenna markaði eftir ákveðinn tíma. Bílaleigugreinin er í eðli sínu fjárfestingafrek. Meðalverð á bílaleigubílum er í kringum 3 m.kr. fyrir utan vsk. og því má sjá að bein fjárfesting vegna bílakaupa í greininni hefur slagað hátt í 30 ma.kr. á síðasta ári. Er þá ótalin önnur fjárfesting en samhliða hinni miklu stækkun á flotanum síðustu ár hafði til dæmis myndast brýn þörf fyrir stærri og betri starfsaðstöðu fyrir bílaleigurnar, þ.e.a.s. í húsnæði, tækjakosti, geymsluaðstöðu og svo framvegis, og margir aðilar réðust í fjárfestingar þessu tengdu á síðasta ári. Að lokum má nefna allt sem fylgir rekstri bíla, t.d. dekkjakaup, varahluti, vinnu við viðhald og viðgerðir og annað. Velta greinarinnar hefur vaxið mikið á síðustu árum og árið 2015 hafði hún tæplega fimmfaldast frá 2008, en veltan var um 35 milljarðar árið 2015. Miðað við mikinn vöxt í fjölda ferðamanna á árinu 2016 og stækkun á bílaleiguflotanum er ekki ólíklegt að velta greinarinnar hafi verið um 48 milljarðar á síðasta ári. Áframhaldandi vöxtur er fyrirséður á árinu 2017 og teljum við að greinin muni nálgast 60 milljarða króna veltu.

Mynd 44. Velta bílaleigna (ma.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 1. 20 stærstu bílaleigurnar skv. bílaeign


Nafn bílaleigu	Fjöldi 2014	Hlutf. af heild	Fjöldi 2015	Hlutf. af heild	Fjöldi 2016	Hlutf. af heild
Höldur/Bílaleiga Akureyrar/ Europcar	3.333	27,4%	3.842	24,9%	4.480	21,5%
Avis/Budget	1.781	14,6%	2.063	13,4%	2.622	12,6%
Hertz/Firefly	1.455	11,9%	1.778	11,5%	2.142	10,3%
Sixt	687	5,6%	1.049	6,8%	1.643	7,9%
Dollar/Thrifty	587	4,8%	758	4,9%	1.131	5,4%
Blue Car Rental	272	2,2%	495	3,2%	965	4,6%
Enterprise/Red	127	1,0%	305	2,0%	699	3,4%
Green Motion	159	1,3%	395	2,6%	649	3,1%
Procar	305	2,5%	397	2,6%	566	2,7%
Bílaleiga Reykjavíkur	319	2,6%	406	2,6%	445	2,1%
Rent Nordic	224	1,8%	270	1,8%	436	2,1%
SAD Cars	207	1,7%	273	1,8%	333	1,6%
CC bílaleiga	192	1,6%	229	1,5%	298	1,4%
Bernhard/Ice Rental Cars	0	0,0%	0	0,0%	248	1,2%
Icerental 4x4	45	0,4%	80	0,5%	196	0,9%
Kú Kú Campers	85	0,7%	110	0,7%	183	0,9%
Route 1	120	1,0%	134	0,9%	176	0,8%
Átak	100	0,8%	123	0,8%	161	0,8%
SS Bílaleiga	128	1,1%	134	0,9%	151	0,7%
Hasso	69	0,6%	120	0,8%	119	0,6%
Samtals	10.195	83,7%	12.961	84,2%	17.643	84,6%

Heimild: Samgöngustofa

Nýskráningar hópbifreiða tóku mikinn kipp á síðastliðnu ári

Eins og hjá bílaleigum hefur orðið mikill vöxtur á hópbifreiða-markaðnum, en þessar tvær greinar standa undir nánast öllum flutningum á ferðamönnum eftir að þeir koma til landsins. Heilmikill vöxtur hefur þannig orðið á skráningum hópbifreiða á Íslandi samhliða auknum ferðamannastraumi til landsins. Árið 2016 var einkar stórt m.v. undanfarin ár og rúmlega tvöfölduðust skráningar á nýjum hópbifreiðum frá fyrra ári. Heildarfjöldi nýskráðra hópferðabíla inn til landsins (bæði nýskráð nýtt og nýskráð notað) árið 2016 var 412 samanborið við 184 bíla árið áður. Þrátt fyrir þessa miklu endurnýjun á síðasta ári er meðalaldur skráðra hópferðabíla þó enn tæplega 15 ár og því má vænta þess að aðilar á markaði haldi áfram að endurnýja flotann á næstu misserum.

Mynd 45. Fjöldi innfluttra hópbifreiða




Heimild: Samgöngustofa

Rúmlega helmingur skapaðra starfa tengist ferðaþjónustu

Samhliða miklum vexti í ferðaþjónustu undanfarin ár hefur störfum í greininni fjölgað til muna. Í heild fjölgaði störfum í hagkerfinu um rúmlega 25 þúsund á tímabilinu frá 2010 til 2016[4] og þar af um 13.500 eða 42% í ferðaþjónustugreinum. Hlutfallið er enn hærra ef teknar eru með greinar sem tengjast ferðaþjónustu, en hluti af vextinum í verslun og byggingariðnaði er vegna vaxtar ferðaþjónustunnar. Að okkar mati má a.m.k. rekja um helming þeirra starfa sem skapast hafa í hagkerfinu á þessum tíma til ferðaþjónustunnar beint eða óbeint. Greinin hefur þannig átt stóran þátt í því að ná niður atvinnuleysi sem myndaðist hér í kjölfar efnahagsáfallsins 2008. Gefur þetta vísbendingu um að hlutfall greinarinnar í hagvexti á tímabilinu sé hátt.

[4] Miðað er við meðalfjölda starfa á ári hverju m.v. mánaðarleg gögn til og með október á árinu 2016

Mynd 46. Fjöldi skapaðra starfa frá árinu 2010




Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfallsleg fjölgun starfa í ferðaþjónustu ein sú mesta í heiminum

Í alþjóðlegu samhengi var hlutfallsleg fjölgun starfa í ferðaþjónustu á Íslandi á árinu 2015 hin fjórða mesta í heiminum. Eru þá ótalin ofangreind afleidd áhrif ferðaþjónustunnar. Á árinu 2016 störfuðu að meðaltali tæplega 24 þúsund manns í ferðaþjónustu og hefur greinin aukið umfang sitt í íslensku atvinnulífi til muna. Hlutfall launþega í greininni af heildarfjölda starfandi í hagkerfinu hefur vaxið úr 7,9% í 13,4% frá árinu 2010 eða um 5,4 prósentustig. Því má vera ljóst að ferðaþjónustan er orðin ein umfangsmesta atvinnugrein hagkerfisins.

Mynd 47. Hlutfallslegur vöxtur starfa í ferðaþjónustu á árinu 2015 eftir löndum




Heimild: Hagstofa Íslands og WTTC

Framleiðni vinnuafls að aukast

Á árinu 2016 voru um 74 ferðamenn á hvern starfsmann í ferðaþjónustu, en á árinu 2010 voru um 38 ferðamenn á hvern starfsmann og voru því tæplega tvöfalt fleiri ferðamenn á hvern starfsmann í fyrra heldur en í upphafi áratugarins. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands hefur hagnaður ferðaþjónustufyrirtækja fyrir fjármagnsliði aukist um 52% frá árinu 2010. Bendir það til þess að hvert starf innan ferðaþjónustunnar sé að skila auknum virðisauka og að framleiðni vinnuafls innan greinarinnar hafi aukist talsvert síðustu ár. Ef ekki hefði verið fyrir töluverða styrkingu krónunnar frá árinu 2013 má reikna með að hagnaður fyrir fjármagnsliði hefði aukist enn frekar.

Mynd 48. Fjöldi ferðamanna á hvert starf í ferðaþjónustu




Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Skortur á vinnuafli áskorun

Samkvæmt könnun á vegum Stjórnstöðvar ferðamála varðandi mannafla- og fræðsluþörf í ferðaþjónustu kom í ljós að um fimmta hvert fyrirtæki í ferðaþjónustu lenti í frekar eða mjög miklum erfiðleikum með að fá fólk til starfa á tólf mánaða tímabili fram til apríl á árinu 2016. Erfiðast reyndist að ráða starfsmenn í ræstingar/þrif. Gefa niðurstöður til kynna að skortur sé meiri í gisti- og veitingaþjónustu og hjá stærri fyrirtækjum. Í könnun á meðal stærstu fyrirtækja landsins töldu tæplega 41% fyrirtækja í flokknum samgöngur, flutningar og ferðaþjónusta að skortur væri á starfsfólki í desember á árinu 2016. Flest fyrirtæki glímdu við starfsmannaskort í flokkunum byggingastarfsemi og veitur (78,6%), iðnaður og framleiðsla (53,1%) og verslun (42,9%) en þessir flokkar verða allir fyrir óbeinum áhrifum af ferðaþjónustunni. Í heild glímdu um 36,6% fyrirtækja við skort á starfsfólki og því ljóst að ferðaþjónustan og aðrar greinar sem verða fyrir óbeinum áhrifum aukins fjölda ferðamanna eru þær greinar þar sem mestur skortur ríkir á starfsfólki.

Mynd 49. Hlutfall starfa í ferðaþjónustu af heildarfjölda starfa




Heimild: Hagstofa Íslands

Vinnuaflsþörf í vaxandi mæli mætt með erlendu vinnuafli

Vinnuaflsþörf ferðaþjónustunnar hefur að talsverðu leyti og í vaxandi mæli verið mætt með erlendu vinnuafli. Samkvæmt upplýsingum Stjórnstöðvar ferðamála voru á árinu 2015 um 22% starfsmanna í ferðaþjónustu erlendir eða um 4,5 þúsund starfsmenn. Er gert ráð fyrir að erlendir starfsmenn hafi verið um 6 þúsund á árinu 2016, eða einn af hverjum fjórum starfsmönnum. Þá gerir Stjórnstöð ferðamála einnig ráð fyrir að erlendir starfsmenn verði um 7,5 þúsund á yfirstandandi ári. Á uppgangstíma ferðaþjónustunnar hefur launþegum í ferðaþjónustu fjölgað um tæp 12% á ári að meðaltali. Ef gert er ráð fyrir sambærilegum vexti á árinu 2017 má ætla að hlutfall erlendra starfsmanna aukist enn frekar og verði um 28% af öllu starfsfólki í greininni. Til samanburðar ráðgera Samtök atvinnulífsins að um einn af hverjum tíu á íslenskum vinnumarkaði verði af erlendu bergi brotinn á árinu 2018. Má því áætla að hlutfall erlends vinnuafls í ferðaþjónustu sé tæplega þrefalt á við erlent vinnuafl í íslensku atvinnulífi almennt.

Mynd 50. Áætlaður fjöldi starfsmanna í ferðaþjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands og Stjórnstöð ferðamála

Gengishækkun krónunnar skapar erfið skilyrði fyrir ferðaþjónustuna


Þróun gengis gjaldmiðla hefur margvísleg áhrif á ferðaþjónustuna. Áhrifin eru m.a. á fjölda og þjóðerni ferðamanna sem og á dvalarlengd og útgjöld þeirra hér á landi. Einnig hefur gengisþróunin umtalsverð áhrif á ferðir Íslendinga erlendis, þ.e. hvort þeir fari utan, hvert þeir fara, hversu lengi þeir dvelja erlendis og hversu miklu þeir eyða þar.

Sterkari króna hefur neikvæð áhrif á rekstur


Gengi krónunnar hækkaði mikið á síðastliðnu ári. Mest hefur hækkunin verið gagnvart pundi (38%) en mun minni gagnvart dollara (15%) og evru (19%). Bretar voru tæplega 18% af heildarfjölda ferðamanna hér á landi í fyrra, hlutdeild Bandaríkjamanna nær 24% en yfir fimmtungur ferðamanna kom frá þjóðum innan evrusvæðisins.

Hækkun á gengi krónunnar hefur neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja í útflutningi þ.m.t. ferðaþjónustu að mati 71% svarenda í könnun sem Samtök atvinnulífsins létu gera í ágúst í fyrra. Koma áhrif sterkari krónu fram með margvíslegum hætti. Styrkingin hefur áhrif á rekstur fyrirtækja í greininni sem mörg hver verja ekki gengisáhættu í rekstrinum, þ.e. festa verð þjónustu sinnar fram í tímann í erlendum gjaldeyri og eru á móti með útgjöld í krónum. Hækkun á gengi krónunnar ætti einnig að draga úr vilja ferðamanna til að koma hingað, eða stytta dvalarlengd þeirra og draga úr útgjöldum þeirra hér í krónum talið. Einnig ætti styrking krónunnar að valda því að landinn fari frekar utan, dvelji þar lengur og kaupi meira. Samanlagt ætti styrking krónunnar því að öðru óbreyttu að draga úr hreinum gjaldeyristekjum af ferðamönnum.


Mynd 51. Gengi krónunnar gagnvart einstaka myntum



Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa



Mynd 52. Brottfarir bandarískra ferðamanna um KEF og gengi Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni




Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Metár í fjölgun ferðamanna þrátt fyrir styrkingu krónunnar

Þrátt fyrir styrkingu krónunnar á síðastliðnu ári var það metár í fjölgun ferðamanna hér á landi, en 40% eða 506 þús. fleiri erlendir ferðamenn komu hingað til lands um Keflavíkurflugvöll á síðasta ári en árið 2015. Þá var vöxtur í kortaveltu á hvern ferðamann í fyrra m.v. árið áður og dvalarlengd hélst nánast óbreytt. Bendir þetta til þess að aðrir þættir hafa ráðið meiru um þróun ofangreindra þátta en gengisþróun krónunnar. Hins vegar mátti greina breytingar í því yfir síðastliðið ár hvort ferðamenn teldu að ferðin hingað væri peninganna virði í takti við hækkun á gengi gjaldmiðla þeirra heimalands gagnvart krónunni.


Rannsóknir m.a. Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sýna að hreyfingar í gengi gjaldmiðils þess lands sem ferðamaðurinn kemur frá hafa oft ekki síður áhrif en gengishreyfingar gjaldmiðils þess lands sem ferðast er til. Er þetta m.a. sýnilegt í því að fjöldi Íslendinga sem ferðast til útlanda hefur stóraukist samhliða hækkun gengis krónunnar undanfarin misseri. Einnig hefur mestur vöxtur undanfarið verið í ferðamönnum hingað til lands frá þeim þjóðum sem hafa verið að upplifa gengishækkun sinnar heimamyntar. Má þar nefna Bandaríkjamenn en þeim fjölgaði um 71% á síðasta ári og eru fjölmennastir ferðamanna hér á landi um þessar mundir.

Mynd 53. Gengi Bandaríkjadals gagnvart krónu og svar bandarískra ferðamanna við spurningu hvort ferðin hafi verið peninganna virði



Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamannapúls

Mynd 54. Brottfarir breskra ferðamanna um KEF og gengi pundsins gagnvart krónunni




Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Í ljósi ofangreinds er sérstaklega áhugavert að skoða breytingar á ferðavenjum og útgjöldum breskra ferðamanna undanfarið. Í tengslum við ákvörðun Breta að yfirgefa Evrópusambandið lækkaði pundið verulega á síðasta ári gagnvart helstu myntum og bættust þau áhrif við almenna styrkingu krónunnar á árinu. Lækkun pundsins gagnvart krónu varð því enn meiri fyrir vikið. Þrátt fyrir lækkun pundsins fjölgaði breskum ferðamönnum hér á landi um ríflega 31% á síðasta ári og er vöxturinn álíka og hann var tvö árin þar á undan. Var vöxturinn einnig meiri á seinni hluta síðastliðins árs en á fyrri hluta ársins, en þjóðaratkvæðagreiðslan um útgöngu úr ESB var undir lok júnímánaðar. Hins vegar dvöldu breskir ferðamenn skemur hér á landi síðastliðið sumar (6,2 nætur) en þeir gerðu síðast þegar slík mæling var gerð þ.e. sumarið 2014 (7,7 nætur). Einnig varð markverð fjölgun meðal breskra ferðamanna hér á landi í fyrra sem töldu að ferðin hafi ekki verið peninganna virði.

Gengisáhrifin koma fram með töf


Áhrif gengisbreytinga á fjölda ferðamanna, dvalarlengd og útgjöld þeirra á áfangastað koma fram með töf. Það getur tekið nokkurn tíma að spyrjast út að land sé dýrt heim að sækja og sérstaklega þegar um er að ræða lítið land og myntsvæði. Ákvörðun ferðamanna um áfangastað er einnig oft tekin með löngum aðdraganda. Í niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal ferðamanna síðastliðið sumar kemur m.a. fram að þeir fengu hugmyndina að Íslandsferð að jafnaði tveimur árum fyrir komu hingað til lands þó að ferðin sjálf hafi verið bókuð með nokkuð stuttum fyrirvara, eða að jafnaði fjórum mánuðum fyrir ferðina. Í þessu ljósi er nokkuð líklegt að áhrifin af styrkingu krónunnar á síðasta ári eigi eftir að koma að fullu fram í íslenskri ferðaþjónustu og þá ekki síst áhrif gengisþróunar breska pundsins á breska ferðamenn.

Mynd 55. Gengi pundsins gagnvart krónu og svar breskra ferðamanna við spurningunni hvort ferðin hafi verið peninganna virði



Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamannapúls

Mynd 56. Brottfarir norskra ferðamanna um KEF og gengi norsku krónunnar gagnvart íslensku krónunni




Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Í ljósi ofangreindrar tafar er áhugavert að skoða breytingar á ferðum norskra ferðamanna hingað til lands undanfarin ár. Norska krónan tók að lækka nokkuð skarpt í upphafi árs 2013 og hefur síðan farið úr 23,2 krónum niður í 13,4 krónur eða m.ö.o. lækkað um 42% m.a. vegna olíuverðsþróunarinnar á tímabilinu. Vöxtur í fjölda norskra ferðamanna, sem var 23% á árinu 2012 og 17% árið 2011, var afar hægur á árunum 2013 og 2014 eða 2,3% og 1,8%, snérist síðan í 4,2% samdrátt á árinu 2015 og 0,8% samdrátt árið 2016. Má væntanlega rekja þennan viðsnúning til gengisþróunar norsku krónunnar að hluta.

Efnahagsþróun í heimalandi ræður miklu

Eitt af því sem styður við samband þróunar heimamyntar og ferðamannastraums er að samhliða sterkari heimamynt er hagur heimila viðkomandi lands oftar en ekki að vænkast. Fjárhagsleg staða íslenskra heimila hefur þannig batnað umtalsvert frá árinu 2009 og ekki einungis út frá þeim þáttum sem gengi krónunnar mælir heldur einnig t.d. varðandi laun, eignir, skuldir og fjölda starfandi. Þetta hefur gefið fleiri Íslendingum færi á að fara til útlanda á tímabilinu og stuðlað að þeim vexti sem skapast hefur í utanlandsferðum. Hið sama má segja um stöðu t.d. bandarískra heimila undanfarin misseri þó að í öðrum mæli sé. Einnig er hugsanlegt að áhrifin af lækkun breska pundsins verði sýnilegri þegar bresk heimili fara að finna meira fyrir hægari hagvexti og minnkandi kaupmætti þar í landi.


Mynd 57. Brottfarir Íslendinga um KEF og raungengi krónunnar




Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Fjölbreytileiki með tilliti til þjóðernis ferðamanna getur skipt sköpum þegar kemur að áhrifum gengisbreytinga á ferðaþjónustuna. Mikill fjölbreytileiki er kostur í því sambandi þar sem gengisþróun einnar myntar hefur þá minni áhrif á ferðaþjónustuna í heild en ella. Með fjölbreytileika koma áhrif sem felast í því að sé gengi myntar einnar þjóðar að lækka og ferðamönnum þaðan að fækka af þeim sökum þá fjölgar hugsanlega ferðamönnum frá öðrum þjóðum sem eru að upplifa gengishækkun sinnar myntar á sama tíma. Stendur Ísland nokkuð vel hvað þetta varðar enda er talsverð breidd í ferðamannastraumnum hingað m.t.t. þjóðernis. Innbyrðis hreyfing á milli mynta getur breytt samsetningu ferðamanna. Þannig kann t.d. sterk staða dollara gagnvart evru og pundi m.v. síðastliðin ár að skýra það að hluta af hverju hlutdeild Bandaríkjamanna í heildarfjölda ferðamanna hér á landi hefur hækkað.

Mynd 58. Ferðamenn sem komu til Íslands um Keflavíkurflugvöll 2016, hlutfallsleg skipting eftir þjóðerni





Heimild: Ferðamálastofa

Hluti af farþegum sem hingað koma eru í millistoppi. Áhrifaþáttur í ákvörðun þeirra um ferðalagið getur þá frekar verið innbyrðis þróun stóru myntanna, t.d. evru á móti dollara, en gengisþróun krónunnar. Rannsóknir m.a. AGS sýna að fjöldi ferðamanna og dvalarlengd er ónæmara fyrir gengissveiflum í litlum hagkerfum en þeim sem stærri eru. Það gæti átt við um Ísland þegar kemur að ferðum bandarískra ferðamanna yfir til evrusvæðisins með millilendingu hér á landi. Eru þessir ferðamenn eflaust betur upplýstir um þróun dollara gagnvart evru en um þróun íslensku krónunnar.

Rannsóknir sýna að það er ekki aðeins hversu hátt eða lágt viðkomandi gjaldmiðill stendur sem hefur áhrif á ferðaþjónustuna með ofangreindum hætti heldur einnig hversu mikið gjaldmiðillinn sveiflast. Í þessu sambandi skal tekið fram að 20% munur var á hæsta og lægsta gildi krónunnar á síðastliðnu ári og daglegt flökt gengisins var 3,8%. Talsverðar sveiflur voru því á gengi krónunnar í fyrra en sveiflur á gengi gjaldmiðla skapa aukna óvissu um kostnað vegna ferðalaga og fæla ferðamenn þannig frá því að fara til svæða þar sem gjaldmiðillinn er mjög sveiflukenndur. Stöðugleiki í gjaldeyrismálum er því til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna. Hvað þetta varðar stendur ferðaþjónustan hér á landi ekki vel enda hefur óstöðugleiki einkennt sögu gengis krónunnar.

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur ráðið miklu um gengishækkun krónunnar


Hér á landi, þar sem umfang ferðaþjónustunnar er mikið í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, ráða breytingar á tekjum af erlendum ferðamönnum talsvert miklu um gengisþróun krónunnar. Þannig hefur gengisþróun krónunnar bæði áhrif á tekjur af erlendum ferðamönnum og tekjurnar af erlendum ferðamönnum að sama skapi áhrif á gengi krónunnar. Á síðustu árum, þegar umfang tekna af erlendum ferðamönnum í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins hefur verið mikið, hafa seinni áhrifin verið sterkari sem skýrir að hluta af hverju krónan hefur verið að styrkjast undanfarið.

Fjölmargir þættir aðrir en gengisþróun hafa áhrif á fjölda ferðamanna, dvalarlengd þeirra og eyðslu. Má þar nefna landkynningu og ákvarðanir flugfélaga um að fjölga ferðum og stækka leiðarkerfi. Aukið framboð á flugi, ekki síst lággjaldaflugfélaga, skiptir máli sem og aukið framboð á gistirými og ekki síst stækkun deilihagkerfisins sem býður gistirými á lægra verði. Allt þetta eru þættir sem hér á landi hafa drifið vöxt ferðaþjónustunnar á sama tíma og gengi krónunnar hefur verið að styrkjast.

Ísland er á meðal dýrustu landa í Evrópu

Ísland er orðið dýr áfangastaður fyrir ferðamenn í samanburði við önnur lönd m.v. samanburðartölur Eurostat og OECD. Er því ljóst að ferðamenn verja alla jafnan hærri fjárhæð hér en þeir verja í sambærilegar vörur og þjónustu víðast hvar í öðrum löndum innan Evrópu. Eftirfarandi vöru- og/eða þjónustuflokkar voru bornir saman: veitingastaðir og hótel, menning og afþreying, farþegaflutningar, föt og skór, matur, áfengir og óáfengir drykkir.

Mynd 59. Hversu mikið dýrara var að versla á Íslandi en að meðaltali í ESB árið 2015?




Heimild: OECD og Eurostat

Vöru- og/eða þjónustuflokkarnir eru valdir m.a. með hliðsjón af kortaveltu ferðamanna hér á landi og takmarkast af þeim möguleikum sem gagnasöfn Eurostat og OECD bjóða upp á. Flokkarnir endurspegla megnið af eyðslu ferðamanna hérlendis og þá má því nýta til að skoða kostnað við meðaldvöl á Íslandi í samanburði við aðra mögulega áfangastaði innan ESB. Mynd 59 sýnir að fyrrgreindir vöru- og/eða þjónustuflokkar eru allir dýrari á Íslandi en að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Ísland var á árinu 2015 á meðal 5 dýrustu þjóða í öllum flokkum sem hér eru til skoðunar og dýrasta landið í tveimur þessara flokka. Gengi krónunnar var að meðaltali 11% hærra á árinu 2016 en á árinu 2015 m.v. vegið meðaltal helstu viðskiptamynta sem að öðru óbreyttu veldur því að Ísland verður ennþá dýrari áfangastaður fyrir ferðamenn. Vefsíðan Numbeo býður upp á verðsamanburð á milli landa með gögnum frá líðandi stundu og styðja þau gögn þá niðurstöðu að Ísland sé á meðal dýrustu landa Evrópu.

Veitingastaðir og gistiþjónusta – Ísland fjórða dýrasta landið


Verð á veitingastöðum og gistiþjónustu var 44% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB og er Ísland fjórða dýrasta landið af þeim sem gögn Eurostat og OECD ná til hvað þennan flokk varðar. Verðvísitala þessa flokks á Íslandi hefur hækkað um 25% frá 2010 eða mest allra þjóða. Þegar undirvísitölur vísitölu neysluverðs eru skoðaðar sést að áðurgreind hækkun á Íslandi er að mestu vegna hækkunar á gistiþjónustu sem hækkað hefur um 34% á tímabilinu 2010-2015. Veitingar hafa á sama tíma hækkað minna eða um 22%. Þá hækkaði vísitala gistingar um 8% og vísitala veitinga um 6% á árinu 2016 og eru hótel í Reykjavík þau dýrustu á Norðurlöndunum um þessar mundir eins og greint er frá um í kaflanum um gistiþjónustu.

Mynd 60. Verð á veitingastöðum og hótelum m.v. meðalverð í ESB árið 2015




Heimild: OECD og Eurostat

Mynd 61. Verð á innfluttum bjór (33 cl.) á veitingastöðum árið 2017



Heimild: Numbeo

Mynd 62. Verð á þriggja rétta máltíð fyrir tvo á miðlungsdýrum veitingastað árið 2017



Heimild: Numbeo

Gistiþjónusta er einn stærsti einstaki útgjaldaliður ferðamanna og nam um 21% af heildarveltu þeirra á árinu 2015. Um 30% af heildarútgjöldum ferðamanna innan ESB eru vegna gistiþjónustu [5] og eru því önnur útgjöld þeirra hærri sem hlutfall af heildarútgjöldum hér á landi en að jafnaði innan ESB.

Veitingaþjónusta nam um 10% af heildarútgjöldum erlendra ferðamanna hérlendis og samtals vógu því gisti- og veitingaþjónusta um 31% af heildarútgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi.


[5] M.v. gögn Eurostat frá árinu 2014

Farþegaflutningar – Ísland dýrasta landið

Verð á farþegaflutningum var 52% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB á árinu 2015 og eru farþegaflutningar á Íslandi því dýrastir miðað við þau lönd sem gögn Eurostat og OECD ná til. [6] Kostnaður vegna farþegaflutninga er um 26% hærri hérlendis miðað við meðaltal hinna Norðurlandanna. Eflaust litast þessar niðurstöður af því að hér á landi eru möguleikar í samgöngum færri en víða erlendis. Engar lesta- eða sporvagnasamgöngur eru til staðar og erlendir ferðamenn nýta innanlandsflug lítið. Til marks um það hefur ferðamönnum hér á landi fjölgað um 175% frá árinu 2010 en á sama tíma hefur farþegum í innanlandsflugi fækkað um 6%.


[6] Hér er um að ræða farþegaflutninga með ökumanni og eru því bílaleigubílar undanskildir. Ekki var hægt að nálgast gögn um bílaleigur sérstaklega í gagnagrunni Eurostat og OECD.

Mynd 63. Verð á farþegaflutningum m.v. meðalverð í ESB árið 2015



Heimild: OECD og Eurostat

Mynd 64. Verð á 5 km leið með leigubíl m.v. dagtaxta árið 2017



Heimild: Numbeo

Bílaleigu- og hópferðabílar eru sá samgöngumáti sem erlendir ferðamenn eyða mestum fjármunum í hér á landi. Bílaleigubílar nema 9% af heildarnotkun erlendra aðila á samgöngutækjum. Aðrir farþegaflutningar á landi nema svo 5% af heildarnotkun erlendra ferðamanna hérlendis. Farþegaflutningar á sjó nema tæplega 1%. Í heild nemur því hlutdeild ferðamanna í farþegaflutningum um 15% af heildarnotkun þeirra hér á landi. Bæði notkunartölur og kannanir gefa til kynna aukið umfang hópferða- og bílaleigubíla en samkvæmt könnun Ferðamálastofu svara langflestir eða tæplega helmingur svarenda því að þeir hafi á einhverjum tímapunkti nýtt sér bílaleigubíl eða rútu sem ferðamáta.


Lægra verð á farþegaflutningum hér á landi gæti stuðlað að auknum ferðum um landsbyggðina og þar með hjálpað til að draga úr árstíðasveiflum sem einkenna ennþá ferðaþjónustuna á landsbyggðinni. Hlutfall svarenda sem dvelja á einhverjum tímapunkti á landsbyggðinni er lægra en í Reykjavík og þá sérstaklega á veturna. Sem dæmi dvöldu einungis um 5,7% svarenda á Vestfjörðum, um 10,5% á Reykjanesskaga, 13% á Austurlandi og 15,4% á Norðurlandi síðastliðinn vetur.

Afþreying og menning – Ísland þriðja dýrasta landið

Undir flokkinn afþreying og menning falla til að mynda söfn, bátsferðir, ferðir með og án leiðsögumanns o.fl. í þeim dúr. Verð á afþreyingar- og menningartengdum viðburðum var 38% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Er verð vegna þessa þriðja hæst á Íslandi af þeim löndum sem gögn Eurostat og OECD ná til. Neysla erlendra ferðamanna á afþreyingu og menningu nemur um 17% af heildarútgjöldum ferðamanna. Hefur þetta hlutfall vaxið talsvert frá árinu 2010 þegar það nam um 12%. Bendir það til þess að erlendir ferðamenn verji útgjöldum sínum í ríkari mæli í upplifun hér á landi.

Samkvæmt könnun Ferðamálastofu segja langflestir, eða um 83% svarenda að íslensk náttúra hafi haft áhrif á ákvörðun þeirra um að ferðast til Íslands. Má því segja að náttúrufegurð sé ein helsta vara ferðaþjónustunnar. Því hefur markaður fyrir vörur og/eða þjónustu sem hagnýta þennan áhuga ferðamanna á íslenskri náttúru vaxið ört samhliða fjölgun ferðamanna hér á landi.

Mynd 65. Verð á afþreyingu og menningu m.v. meðalverð í ESB árið 2015




Heimild: OECD og Eurostat

Matur og óáfengir drykkir – Ísland fjórða dýrasta landið


Matur og drykkjarvörur voru 30% dýrari á Íslandi en að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Er verð á slíkum vörum á Íslandi fjórða hæst miðað við þau lönd sem gögn Eurostat og OECD ná til. Kortavelta erlendra ferðamanna í dagvöruhérálandi, sem inniheldur sambærilegar vörur, gefur til kynna að 3,2% af eyðslu ferðamannsins fari í slíkar vörur.

Hefur kortavelta erlendra ferðamanna bæði í dagvöru og í veitingaþjónustu verið nokkuð stöðug sem hlutfall af heildarkortaveltu frá árinu 2012.

Mynd 66. Verð á mat og óáfengum drykkjum m.v. meðalverð í ESB árið 2015




Heimild: OECD og Eurostat




Áfengir drykkir – Ísland næst dýrasta landið

Áfengir drykkir voru 126% dýrari á Íslandi en að meðaltali í aðildarríkjum ESB á árinu 2015. Er verð vegna áfengra drykkja hér á landi annað hæst miðað við þau lönd sem gögn Eurostat og OECD ná til. Skýrist þetta að mestu leyti af háum opinberum áfengisgjöldum hér á landi. Samkvæmt gögnum frá Spirits Europe frá því í byrjun árs 2016 eru áfengisgjöld á Íslandi þau hæstu í Evrópu. Þegar horft er á meðalálagningu áfengisgjalda á sterkt áfengi, sterkt vín, léttvín og bjór þá er hún t.d. 17% hærri en í Noregi, 70% hærri en í Tyrklandi og 84% hærri en í Finnlandi sem eru þær þjóðir sem koma næst á eftir Íslandi á lista yfir þær þjóðir sem hafa hæstu áfengisgjöldin. Þá er ein helsta ástæða þess að áfengi er dýrara í Noregi en á Íslandi sú að þar er virðisaukaskattur á vín umtalsvert hærri eða 25%. Áfengisgjöld á Íslandi voru hækkuð enn frekar í byrjun þessa árs.

Mynd 67. Verð á áfengum drykkjum m.v. meðalverð í ESB árið 2015




Heimild: OECD og Eurostat



Föt og skór – Ísland dýrasta landið


Föt og skór voru 53% dýrari á Íslandi en að meðaltali í aðildarríkjum ESB á árinu 2015. Verð á fötum og skóm er hæst á Íslandi af þeim löndum sem gögnin ná til. Tollar á föt og skó voru afnumdir á árinu 2016 og ætti það að stuðla að samkeppnishæfari verðlagningu á þessum vörum. Þegar kortavelta erlendra ferðamanna er skoðuð sést að um 2,2% af heildarveltu þeirra er vegna kaupa á fötum og skóm. Hefur þetta hlutfall dregist saman frá árinu 2012 þegar það var um 3,6% af heildarkortaveltu erlendra ferðamanna. Á tímabilinu hefur verð á fötum og skóm lækkað mælt í krónum en hækkað verulega mælt í erlendri mynt. Má reikna með að mikil hækkun innlends kostnaðar þ.m.t. launa og húsnæðisverðs hafi dregið úr samkeppnishæfni fataverslunar.

Mynd 69. Verð á Levis 501 eða sambærilegum gallabuxum árið 2017



Heimild: Numbeo

Mynd 68. Verð á fötum og skóm m.v. meðalverð í ESB árið 2015




Heimild: OECD og Eurostat

Önnur verslun – Ísland fimmta dýrasta landið

Í gögnum Eurostat og OECD heyra m.a. skartgripir, snyrtivörur, úr og aðrir persónulegir munir, trygginga- og fjármálaþjónusta undir flokkinn „önnur verslun“. Slíkir munir og þjónusta eru 33% dýrari á Íslandi en að meðaltali í ríkjum innan ESB og er Ísland fimmta dýrasta landið í þessum flokki. Líklega er nærtækast að horfa til flokkanna gjafa- og minjagripaverslun, tollfrjáls verslun og ýmis önnur þjónusta og verslun í kortaveltu ferðamanna til viðmiðunar um útgjöld þeirra vegna slíkrar verslunar. Þá kemur í ljós að ferðamenn hér á landi verja um 12,3% af heildarkortaveltu sinni í áðurgreinda flokka. Stóð þetta hlutfall í 19% á árinu 2012 og hefur því lækkað talsvert á undanförnum árum.

Mynd 70. Verð á annarri verslun m.v. meðalverð í ESB árið 2015



Heimild: OECD og Eurostat

Myndir

Mynd 1. Skipting lánasafns Íslandsbanka til fyrirtækja eftir atvinnugreinum 2016
Mynd 2. Fjöldi ferðamanna um KEF (í þúsundum) og % breyting frá fyrra ári
Mynd 3. Sætanýting á KEF
Mynd 4. Skiptifarþegar á KEF
Mynd 5. Gjaldeyristekjur Íslands vegna erlendra ferðamanna (ma.kr.)
Mynd 6. Heildargjaldeyristekjur og vægi helstu atvinnugreina (ma.kr.)
Mynd 7. Gjaldeyristekjur eftir helstu atvinnugreinum
Mynd 8. Útgjöld ferðamanna eftir útgjaldaliðum
Mynd 9. Heildarfjöldi farþega í alþjóða- og innanlandsflugi (í milljörðum)
Mynd 10. Heildarfjöldi farþega (í milljónum) árið 2015 og vöxtur milli 2014 og 2015
Mynd 11. Raunverðsþróun á flugi í Bandaríkjunum á verðlagi ársins 2000
Mynd 12. Raunverðsþróun farþegaflutninga eftir ferðamáta
Mynd 13. Samanburður á vexti í flugsamgöngum og hagvexti
Mynd 14. Brottfarir Íslendinga um KEF og kaupmáttur launa mælt í flugfargjöldum
Mynd 15. Beint flug frá KEF eftir löndum
Mynd 16. Framboðin flugsæti í milljónum
Mynd 17. Íslenska flugstjórnarsvæðið
Mynd 18. Síðasta framkvæmdaskref á KEF miðað við núverandi framkvæmdaáætlun
Mynd 19. Umferð farþega um Keflavík yfir sólarhring m.v. framboðin sæti fyrir allt árið 2016
Mynd 20. Gistinætur útlendinga á Íslandi eftir landsvæðum (í milljónum)
Mynd 21. Hlutfall seldra gistinótta til erlendra aðila eftir landsvæðum
Mynd 22. Seldar gistinætur til erlendra aðila eftir landshlutum árið 2015
Mynd 23. Seldar gistinætur eftir landsvæðum og árstíð 2010 og 2015
Mynd 24. Gistinætur útlendinga eftir tegund gistingar
Mynd 25. Meðalnýting hótelherbergja á Norðurlöndum frá árinu 2011
Mynd 26. Nýting hótelherbergja á Norðurlöndum eftir mánuðum á árinu 2016
Mynd 27. Meðalverð (í evrum) hótelherbergja á Norðurlöndum eftir mánuðum á árinu 2016
Mynd 28. Meðalverð (í evrum) hótelherbergja á Norðurlöndum frá árinu 2011
Mynd 29. Meðaltekjur (í evrum) af hótelherbergjum á Norðurlöndum frá árinu 2011 (RevPar)
Mynd 30. Áætluð fjölgun hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu
Mynd 31. Áætluð fjárfesting í hótelum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum (ma.kr.)
Mynd 32. Meðalfjöldi og nýting gistirýma á Airbnb í Reykjavík
Mynd 33. Staðsetning virkra gistirýma á Airbnb í Reykjavík
Mynd 34. Fjöldi gistirýma á Airbnb eftir tegund gistirýmis og meðalnýting í hverjum mánuði
Mynd 35. Áætlaður fjöldi heimila í heilsársleigu á Airbnb í Reykjavík á hverjum tíma
Mynd 36. Heildartekjur vegna sölu á gistirýmum á Airbnb í Reykjavík (ma.kr.)
Mynd 37. Tekjur vegna sölu á gistirýmum á Airbnb í Reykjavík eftir mánuðum
Mynd 38. Meðaltekjur á hvert gistirými eftir mánuðum (í þús.kr.)
Mynd 39. Seldar gistinætur hótela á höfuðborgarsvæðinu og framboð seldra gistinátta á Airbnb í Reykjavík
Mynd 40. Heildarumfang Airbnb í Reykjavík í samanburði við heildarumfang hótela á höfuðborgarsvæðinu í heild
Mynd 41. Fjöldi bílaleigubíla
Mynd 42. Heildarfjöldi bíla og hlutfall bílaleigubíla þar af
Mynd 43. Fjöldi bílaleigna eftir bílaeign
Mynd 44. Velta bílaleigna (ma.kr.)
Mynd 45. Fjöldi innfluttra hópbifreiða
Mynd 46. Fjöldi skapaðra starfa frá árinu 2010
Mynd 47. Hlutfallslegur vöxtur starfa í ferðaþjónustu á árinu 2015 eftir löndum
Mynd 48. Fjöldi ferðamanna á hvert starf í ferðaþjónustu
Mynd 49. Hlutfall starfa í ferðaþjónustu af heildarfjölda starfa
Mynd 50. Áætlaður fjöldi starfsmanna í ferðaþjónustu
Mynd 51. Gengi krónunnar gagnvart einstaka myntum
Mynd 52. Brottfarir bandarískra ferðamanna um KEF og gengi Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni
Mynd 53. Gengi Bandaríkjadals gagnvart krónu og svar bandarískra ferðamanna við spurningu hvort ferðin hafi verið peninganna virði
Mynd 54. Brottfarir breskra ferðamanna um KEF og gengi pundsins gagnvart krónunni
Mynd 55. Gengi pundsins gagnvart krónu og svar breskra ferðamanna við spurningunni hvort ferðin hafi verið peninganna virði
Mynd 56. Brottfarir norskra ferðamanna um KEF og gengi norsku krónunnar gagnvart íslensku krónunni
Mynd 57. Brottfarir Íslendinga um KEF og raungengi krónunnar
Mynd 58. Ferðamenn sem komu til Íslands um Keflavíkurflugvöll 2016, hlutfallsleg skipting eftir þjóðerni
Mynd 59. Hversu mikið dýrara var að versla á Íslandi en að meðaltali í ESB árið 2015?
Mynd 60. Verð á veitingastöðum og hótelum m.v. meðalverð í ESB árið 2015
Mynd 61. Verð á innfluttum bjór (33 cl.) á veitingastöðum árið 2017
Mynd 62. Verð á þriggja rétta máltíð fyrir tvo á miðlungsdýrum veitingastað árið 2017
Mynd 63. Verð á farþegaflutningum m.v. meðalverð í ESB árið 2015
Mynd 64. Verð á 5 km leið með leigubíl m.v. dagtaxta árið 2017
Mynd 65. Verð á afþreyingu og menningu m.v. meðalverð í ESB árið 2015
Mynd 66. Verð á mat og óáfengum drykkjum m.v. meðalverð í ESB árið 2015
Mynd 67. Verð á áfengum drykkjum m.v. meðalverð í ESB árið 2015
Mynd 68. Verð á fötum og skóm m.v. meðalverð í ESB árið 2015
Mynd 69. Verð á Levis 501 eða sambærilegum gallabuxum árið 2017
Mynd 70. Verð á annarri verslun m.v. meðalverð í ESB árið 2015

Töflur

Tafla 1. 20 stærstu bílaleigurnar skv. bílaeign

Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Greiningu Íslandsbanka hf.

Upplýsingar í skýrslu þessari eru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum, sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni upplýsinganna, áreiðanleika eða réttmæti þeirra. Skoðanir höfunda geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðla. Fjárfestingamarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota.

Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að líta svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is).

Bandaríkin

Skýrslu þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

Kanada

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að líta á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

Önnur lönd

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.

Frekari upplýsingar varðandi efni Greiningar Íslandsbanka má finna á vefsíðunni: http://islandsbanki.is

Íslensk ferðaþjónusta
Íslandsbanki Norðurturni, Hagasmára 3
201 Kópavogur, Ísland Sími: +354 440 4000

islandsbanki@islandsbanki.is
islandsbanki.is

Íslandsbanki